


Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1986

Aflahorfur 1987



Hafrannsóknir — 36. hefti

Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1986

Aflahorfur 1987

*State of stocks and
environmental conditions
in Icelandic waters 1986*

Fishing prospects 1987

Útgefandi:

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritstjórn

HRAFNKELL EIRÍKSSON
EIRÍKUR P. EINARSSON
GUNNAR JÓNSSON

ISSN 0258 - 381X

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
1987

Efnisyfirlit

Formáli	bls.	5
I. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland	—	6
II. Ástand nytjastofna	—	11
1. Porskur (<i>Cod</i>)	—	11
2. Ýsa (<i>Haddock</i>)	—	16
3. Ufsi (<i>Saithe</i>)	—	18
4. Karfi og djúpkarfi (<i>Redfish</i>)	—	21
5. Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	—	24
6. Steinbítur (<i>Catfish</i>)	—	26
7. Skarkoli (<i>Plaice</i>)	—	27
8. Blálanga (<i>Blue ling</i>)	—	28
9. Langa (<i>Ling</i>)	—	28
10. Keila (<i>Tusk</i>)	—	29
11. Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	—	30
12. Síld (<i>Herring</i>)	—	33
13. Loðna (<i>Capelin</i>)	—	38
14. Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	—	40
15. Humar (<i>Nephrops</i>)	—	42
16. Hörpudiskur (<i>Scallop</i>)	—	45
17. Rækja (<i>Pandalus</i>)	—	49
18. Hvalir (<i>Whales</i>)	—	56
19. Töflur (<i>Tables</i>)	—	60
20. Aflatöflur (<i>Catch tables</i>)	—	77
Ágrip	—	98
English Summary	—	102

Formáli

Sú skýrsla sem hér birtist um ástand nytjastofna var unnin í öllum aðalatriðum á sama hátt og gert var á síðastliðnu ári. Fremst er kafli um ástand sjávar, plöntusvifs og átu á árinu 1986 og þetta boríð saman við góðu árin 1984 og 1985 með sérstöku tilliti til versnandi árferðis á árinu 1986. Það voru einkum þau Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Svend-Aage Malmberg og Pórunn Þórðardóttir sem önnuðust þennan kafla skýrslunnar. Að öðru leyti er skýrslan um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1987 unnin á svipaðan hátt og skýrslur nokkurra undanfarinna ára þ.e. verkið annaðist sérstök verkefnisstjórn ásamt viðkomandi sérfræðingum.

Eins og á síðastliðnu ári er sérstaklega reynt að gera sér grein fyrir þróun fiskstofna og aflahorfum allt fram til ársins 1988–89. Þetta er gert til að auðvelda stjórnvöldum mörkun fiskveiðistefnu næstu 3 árin. Þá ber að geta þess að flestir megingaflar skýrslunnar voru í öllum aðalatriðum tilbúnir í september 1986 og voru niðurstöðurnar þá kynntar samtökum sjávarútvegsins og almenningi á fundum með hagsmunaaðilum og í fjölmíðum.

Í verkefnisstjórn Hafrannsóknastofnunar um fiskveiðiráðgjöf eiga sæti: Sigfús A. Schopka, verkefnisstjóri, Gunnar Stefánsson, Hrafnkell Eiríksson, Ólafur Halldórsson og Ólafur K. Pálsson. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið að skýrslunni. Björn Æ. Steinarsson (þorskur), Einar Jónsson (ýsa), Jakob Magnússon (karfi), Vilhelmína Vilhelmsdóttir (blálanga, langa og keila), Gunnar Jónsson (steinbítur), Viðar Helgason (skarkoli og grálúða), Sveinn Sveinbjörnsson (kolmunni), Hjálmar Vilhjálmsson (loðna), Unnur Skúladóttir og Ingvar Hallgrímsson (rækja) og Jóhann Sigurjónsson (hvalir).

Reykjavík 1. des. 1986


Jakob Jakobsson

I. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland

Í skýrslu um nytjastofna sjávar og umhverfisþætti fyrir árið 1985 var í stórum dráttum greint frá þeim miklu breytingum sem orðið hafa í sjónum við Ísland undanfarna áratugi. Koma þær fram í strandstraumnum sunnanlands og vestan, misjöfnu flæði Atlantssjávar norður fyrir land og í misjöfnu flæði pólsjávar á norður- og austurmiðum. Pessar breytingar hafa veruleg áhrif á fyrstu hlekki fæðukeðjunnar, vöxt þörungasvifsins og afkomu dýrasvifsins og segja síðan til sín ofar í fæðukeðjunni svo sem fram hefur komið í vexti og viðgangi nytjastofna á Íslands miðum. Hér verður greint frá þróun umhverfisaðstæðna síðastliðið ár og ástandi vorið 1986 í samanburði við fyrri ár.

Sumarið 1985 var útbreiðsla hlýsjávar með mesta móti við Ísland síðastliðin 20 ár. Haustið 1985 og í febrúar 1986 gætti einnig verulegra hlýsjávaráhrifa í hafinu norðan Íslands. Vorið 1986 var hitastig sjávar í yfirborðslögum út af Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi hins vegar allt að 1°C kaldara en verið hafði í febrúar, en seltuathuganir sýndu, að enn gætti samt áhrifa hlýsjávar á norðurmiðum. Pessi sjór hafði kólnað og var hitastig fyrir Norðurlandi við meðaltal áranna 1961–1980 (1. mynd). Pessa kælingu og óvenjulegu þróun má án efa rekja til tíðra norðlægra vindu á tímabilinu apríl–maí. Afleiðingin var mikil lóðrétt blöndun í yfirborðslögum sem seinkaði verulega vorvexti þörunga og dýrasvifs á þessu svæði (sjá myndir 2, 3, 4).

Norðaustan- og austanlands var hitastig sjávar $2\text{--}3^{\circ}\text{C}$ í yfirborðslögum, sem er nálægt meðallagi, en kaldara en 1985. Yfir landgrunnini í austur frá miðju Norðurlandi mældist mikil framleiðni þörunga (3. og 5. mynd). Þörungaframleiðni var nálægt vorhámarki norðan Siglunes, þegar athuganir fóru fram í lok maí. Petta var óvenju sein vorkoma, því að venjulega er vorhámark um garð gengið á mið- og austurhluta norðursvæðisins á þessum tíma. Utan landgrunnsins var þörungaframleiðni hins vegar mun minni, sem án efa má rekja til mikils magns kalsjávardýrasvifs, sem nærðist á gróðrinum (3. og 4. mynd). Í raun var



1. mynd. Frávik meðalhitastigs og meðalseltu í sjónum norðan Siglunes að vori 1952–1986 frá meðaltali áranna 1961–1980.

Fig. 1. Deviations 1952–1986 from 1961–1980 mean in temperature and salinity at Sigrunes Section.


kaldi sjórinn norðaustanlands eina svæðið við landið þar sem veruleg áta mældist vorið 1986. Árið 1985 var átumagn á norðurmiðum meira en mælist hafði síðan 1981. Vakti það vonir um að átustofnar væru að styrkjast, en 1986 telst hins vegar lélegt átuár (6. mynd).

Líkt og 1985 náði hlýsjávartungan austan Íslands lengra norður en mörg undanfarin ár og hitastig sjávar í atlantísku sjónum fyrir Suðurlandi var í meðallagi.

Mikil þörungaframleiðni var bæði yfir landgrunnini og á straumamótunum fyrir Suðausturlandi. Lítið var hins vegar af dýrasvifi á þessu svæði, ólíkt vorinu 1985.

Í júnílok rak töluberðan ís inn á norðvesturmið og við athuganir í ágúst kom í ljós að hitastig á norðvesturmiðum var $3\text{--}4^{\circ}\text{C}$ lægra í yfirborðslögum en á sama tíma 1985. Líklegt er að óvenjulegar aðstæður í


8



2. mynd. Hitastig á 50 m dýpi vorið 1986.


Fig. 2. Temperature at 50 m in Icelandic waters in spring 1986.

9




4. mynd. Útbreiðsla átu í yfirborðslögum vorið 1986.

Fig. 4. Zooplankton distribution (ml/21 m³, Hensen net 50–0 m) in Icelandic waters in spring 1986.




3. mynd. Frumframleiðni plöntusvifs á 10 m dýpi ($\text{mg kolefni } \text{m}^{-3} \text{ klst.}^{-1}$) vorið 1986.

Fig. 3. Primary production ($\text{mg C m}^{-3} \text{ h}^{-1}$) at 10 m in Icelandic waters in spring 1986.



5. mynd. Meðal frumframleiðni plöntusvifs á 10 m dýpi norðan Sigrunes, vorin 1970–1986.

Fig. 5. Mean primary production ($\text{mg C m}^{-3} \text{ h}^{-1}$) at 10 m at Sigrunes section in spring 1970–1986.



6. mynd. Breytingar á magni dýrasvifs í sjónum norðan Siglunes vorin 1958–1986.

Fig. 6. Variations in zooplankton density (ml/21 m³, Hensen net 50–0 m) at Siglunes section in spring 1958–1986.

yfirborðslögum vorið og sumarið 1986 eigi sinn þátt í því hve lítið var um þorsk- og ýsuseiði í ágúst 1986.

Vegna hins sveiflukennda árferðis, sem verið hefur á Íslandsmiðum frá því um 1965, var vart við því að búast að ástandið 1986 yrði jafn hagstætt og árið áður. Athuganir benda til þess að vorið 1986 hafi nokkur umskipti orðið til hins verra. Enn eru þó engar raunhæfar leiðir til þess að meta það hver þróunin verður 1987.

II. Ástand nytjastofna

1. Porskur

1.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1986

Gæftir á vetrarvertíð voru mun stirðari 1986 en árið áður, að undanteknum febrúarmánuði, en þá ríkti einmuna blíða. Prátt fyrir það aflaðist betur hjá flotanum tímabilið janúar-máí en sömu mánuði árið 1985. Porskafli bátaflotans var þá orðinn 118 þús. tonn en var 105 þús. tonn á sama tíma árið áður. Togaraaflinn sömu mánuði var kominn í 64 þús. tonn en var 49 þús. tonn árið 1985. Afli togara á sóknareiningu 1986 var einnig um 8% meiri en árið áður. Fyrstu 10 mánuði ársins var þorskafli togara skv. bráðabirgðatölum 150 þús. tonn eða 9 þús. tonnum meiri en á sama tíma 1985. Tölur um úthald bátaflotans liggja ekki fyrir, en afli báta jókst úr 142 þús. tonnum fyrstu 10 mánuði ársins 1985 í 158 þús. tonn sömu mánuði 1986.

Aflinn á vetrarvertíð SV-lands dreifðist á 5–8 ára þorsk. Hlutdeild 1979 og 1980 árganganna var 21% og 34% miðað við fjölda fiska. Hlutdeild árgangsins frá 1981 var 17%. Hlutdeild 8 ára fisks (árgangs 1978) var 12%, en eldri þorsks gætti lítið í aflanum.

Á NV- N- og A-miðum byggðist veiðin á tímabilinu janúar-máí að mestu á árgöngunum 1980 og 1981 (34% og 29%). Sama var uppi á tengingnum í sumarveiðinni á NV- og N-miðum. Árgangarnir frá 1980 og 1981 báru uppi aflann og var samanlögð hlutdeild þeirra 60%.

1.2. Vöxtur og kynþroski

Eins og alkunna er dró jafnt og þétt úr vexti þorsks á árunum 1980–1982, en meðalþyngd eftir aldri var í hámarki 1979. Árin 1984–1985 fór meðalþyngd eftir aldri aftur vaxandi. Pessi þróun virðist hafa stöðvast árið 1986 og er meðalstærð þorsks eftir aldri svipað nú og hún var 1985.

Kynþroski eftir aldri hefur þróast með hliðstæðum hætti og breytingar á vexti og var kynþroskahlutfall 1986 svipað og árið 1985.

1.3. Nýliðun

Nýliðun uppvaxandi þorskárganga er byggð á niðurstöðum þriggja mismunandi rannsóknarverkefna: Svonefnd V.P. greining (aldurs-afla aðferð) gefur nokkrar upplýsingar um árgangastyrk fjögurra ára fisks, en litlar sem engar um yngri fisk. Árlegar seiðarannsóknir í ágúst beinast eingöngu að styrk og útbreiðslu fisks á fyrsta ári. Árlegar rannsóknir á þorskungviði í mars gefa einkum upplýsingar um árgangastærð tveggja til fjögurra ára fisks. Ennfremur hefur stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum gefið ýmsar vísbindingar um styrk yngstu árganganna. Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1982–1985 eru þessar:

Árgangur 1982 er, sem fyrr, talinn vera með afbrigðum slakur eða um 125 milljónir nýliða. Petta er svipað mat og í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna. Pessi þorskárgangur er í flokki lélegustu árganga, sem fram hafa komið síðastliðna þrjá áratugi.

Árgangur 1983 er nú talinn vera sterkur eða um 300 milljónir nýliða. Petta er verulega hærra mat en fram kom í síðustu skýrslu. Pessi árgangur var mjög áberandi í afla togara sumarið 1986 á uppeldisstöðvum norðanlands.


Í ágúst 1984 fannst mikið af þorskseiðum af árgangi 1984 fyrir norðan land og austan. Jafnframt var venju fremur mikið rek af seiðum til Grænlands. Í síðustu skýrslu var árgangurinn því talinn sterkur eða um 300 milljónir nýliða. Vísbindingar um styrk þessa árgangs sem tveggja ára fisks í mars 1986 benda til þess að þetta mat sé í hærra lagi. Í fratreikningum á stærð þorskstofnsins er því gert ráð fyrir að hann sé um 280 milljónir nýliða.

Porskseiði af árgangi 1985 fundust í talsverðum mæli í ágúst 1985. Vísbindingar um styrk árgangsins sem eins árs ungvíði í mars 1986 gefa til kynna að hann sé nálægt meðallagi, eða um 220 milljónir nýliða.

Í heild virðist nýliðun síðustu ár því vera með betra móti. Þó skal áréttat að mat á styrk árganga 1984 og 1985 er háð mikilli óvissu.

1.4. Ástand stofnsins

Samkvæmt nýju stofnmati, er veiðistofninn (4 ára þorskur og eldri) talinn hafa verið 900 þús. tonn við upphaf ársins 1986. Petta er sama niðurstaða og fékkst í apríl síðastliðnum en 6% meira en fram kemur í síðasta riti Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofnanna (Hafrannsóknir 33. hefti), en þá var stofnstærð í ársbyrjun 1986 áætluð 850 þús. tonn. Pennan mismun má að mestu leyti rekja til þess að með-



7. mynd. PORSKUR. a. Heildaraflfi árin 1955–1986 og meðalveiðidánartala 7–11 ára þorsks sama tímabil. b. Afrakstur á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartöl). Minnkun núverandi sóknar (F_{86}) leiðir ekki eingöngu til hagkvæmari veiða heldur mun tryggja verulega stækken hrygningarstofns, allt eftir því hve mikið verður dregið úr sókninni. c. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1955–1986 í þúsundum tonna. d. Stærð þorskárganganna 1955–1984. Fjöldi nýliða við þriggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 7. COD. a. Total landings 1955–1986 (upper line) and F_{7-11} during the same period. b. Yield per 3 year old recruit (upper line) and the corresponding spawning stock biomass per recruit (lower line). c. Fishable stock (4^+) and spawning stock biomass during the period 1955–1986. d. Year classes 1955–1984 at age 3 (in millions).

alþyngd þorsks 1986 var ívið meiri en spáð var, en auk þess urðu nokkrar breytingar á styrkleikamati einstakra árganga í stofninum (7. mynd). Pannig reyndist árgangur 1980 stærri, en áður var ætlað.

Nú er gert ráð fyrir að hrygningarstofn í ársbyrjun 1986 hafi verið 420 þús. tonn í stað 330 þús. tonna í síðustu skýrslu. Mismunurinn stafar eins og að ofan greinir af því að hlutdeild 1980 árgangsins reyndist meiri en áður var talið og ennfremur af aukinni meðalþyngd og hærra kynþroskahlutfalli eftir aldri en gert var ráð fyrir í fyrrnefndri skýrslu.

Við núverandi stofnmat var stuðst við aflaskýrslur togara. Fundinn var meðalafli á togtíma fyrir Norðurlandi í marsmánuði og sá afla greindur eftir aldursflokkum samkvæmt sýnum úr afla. Samband er á

milli þessa afla á togtíma og stofnstaðar skv. aldurs-afla aðferð. Það samband ásamt stofnmælingu botnfiska var notað til að meta stærð stofnsins 1986.

1.5. Horfur og tillögur um hámarksafla 1987

Í framrekningum á stofnstaðar er gert ráð fyrir að veiðistofn í ársbyrjun 1986 hafi verið 900 þús. tonn og afla ársins 1986 sé 350 þús. tonn. Veiðistofn (4 ára fiskur og eldri) í ársbyrjun 1987 verður þá 1.050 þús. tonn og hrygningarstofn 410 þús. tonn (7. mynd c). Meðalþyngd eftir aldri hefur ekki aukist árið 1986 miðað við 1985. Í framrekningum er gert ráð fyrir að meðalþyngd 1987 verði sú sama og 1985 og 1986 en 5% minni 1988 og 1989.

Pá benda rannsóknir til að árgangarnir frá 1983 og 1984 séu báðir sterkir og er gert ráð fyrir því í útreikningum að árgangur 1983 sé 300 milljón nýliðar og árgangur 1984 280 milljón nýliðar.

Miðað við ofangreindar forsendur eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorskstofnsins 1987–1989 eins og fram kemur í töflu 1.

Ef veidd verða 400 þús. tonn árin 1987 og 1988 mun það hafa í för með sér hækkan á veiðidánarstuðli úr 0,92 1986 í 1,06 1987 og 1,09 1988. Veiðistofn mun standa sem næst í stað árin 1987–1989. Hrygningarstofn mun hins vegar minnka talsvert.

Verði afli árin 1987 og 1988 takmarkaður við 350 þús. tonn, sem er sama og áætlaður afli 1986, mun veiðistofn fara hægt vaxandi tímabilið 1987–1989. Hrygningarstofn mun hins vegar haldast sem næst óbreyttur. Veiðidánarstuðull lækkar örlítið er fram í sækir.

TAFLA 1

Porskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð þorskstofnsins (þús. tonn) 1987–1989.

Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1987–1989.

1986			1987			1988			1989			
Stofn 4+ Stock	Hrygn.- Spawning stock	Aflí Catch	Stofn 4+ Stock	Hrygn.- Spawning stock	Aflí Catch	Stofn 4+ Stock	Hrygn.- Spawning stock	Aflí Catch	Stofn 4+ Stock	Hrygn.- Spawning stock		
900	420	0,92	350	Aflahámark	1050	410	1,06	400	1060	350	1,09	400
				Aflahámark			0,89	350	1110	385	0,83	350
				Aflahámark			0,73	300	1170	420	0,61	300
									1020	360		
									1140	430		
									1260	510		

¹⁾ F = Veiðidánartala 7-11 ára þorsks.

Fishing mortality of age groups 7-11.

Priðji kosturinn, 300 þús. tonna aflí á ári, leiðir til þess að veiðistofninn vex verulega á næstu árum. Hrygningarstofn mun verða svipaður árin 1987 til 1988 en stækka í 510 þús. tonn árið 1989. Veiðidánarstuðlar (sókn) munu lækka verulega úr 0,92 á árinu 1986 í 0,61 árið 1988. Auk hraðari uppbyggingar þorskstofnsins er aðalávinningur þessarar fiskveiðistefnu sá, að árgangar endast lengur í stofninum og verulega dregur úr aflasveiflum í framtíðinni.

Árin 1987 og 1988 er gert ráð fyrir að tveir sterkir árgangar bætist í veiðistofninn. Það er mjög óvenjulegt að tveir stórir árgangar fari saman, en a.m.k. tveir áratugir eru síðan það gerðist síðast. Gangi það eftir, er nú lag til þess að rétta stofninn nokkuð við með því að takmarka aflann við 300 þús. tonn árin 1987 og 1988 og nýta þannig þessa stóru árganga. Hafrannsóknastofnunin telur æskilegt að þessi leið verði farin og leggur áherslu á að fari aflí yfir 350 þús. tonn muni stofninn lítið sem ekkert rétta við á næstu árum, enda myndi aukin sókn beinast í vaxandi mæli að ungfiski.

Hér skal líka haft í huga að umhverfisaðstæður geta orðið á þann veg, að aftur dragi úr vexti, kynþroska og nýliðun eftir undangengið góðæri. Árleg endurskoðun á stofnmati er því nauðsynleg.

1.6. Viðmiðunarmörk þorskeftirlits 1987

Markmið þorskeftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um skemmti eða lengri tíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Pau eru sett saman af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina hins vegar fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.

Viðmiðunarárgangur ársins 1987, árgangur 1983, er talinn sterkur eða um 300 milljónir þriggja ára nýliða. Í aldursdreifingu aflans á árinu 1987 er gert ráð fyrir að 40% landaðs afla (fjöldi fiska) verði af þessum árgangi og tær 8% af árgangi 1984. Veiði þriggja og fjögurra ára þorsks árið 1987 er því áætluð 48% af heildarveiði.

Lengdarmörk viðmiðunarárgangs, eins og pau verða á miðju ári 1987, eru reiknuð út frá vexti hans 1984–86. Á þeim tíma, þ.e. frá mars 1984, hafa lengdarmörk vaxið úr 17 cm upp í 49 cm. Gert er ráð fyrir að lengdarmörk vaxi í um það bil 68 cm fram á mitt ár 1987. Helmingur fiska af þessari lengd tilheyrir þá árgangi 1983 en hinn helmingurinn eldri árgögum.

Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 cm og þykir eðlilegt að nota

þau mörk áfram. Til mótvægis við lækkun frá reiknuðum lengdarmörkum er þó óhjákvæmilegt að lækka jafnframt hlutfallsmörk. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa munu viðmiðunarmörk fyrir árið 1987 verða 30% undir 55 cm og gilda þau allt árið. Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáþorsks í afla, þegar hlutfall fiska undir 55 cm í mælingum veiðieftirlitsmanna er hærra en 30%.

2. Ýsa

2.1. Afl, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1986


Fyrstu 10 mánuði ársins var ýsuaflinn svipaður og á sama tíma 1985. Skýrslur um afla á sóknareiningu eru aðeins fyrir hendi frá togurum. Fyrstu 5 mánuði ársins jókst afla togara á sóknareiningu um 13% miðað við sömu mánuði 1985. Sóknargögn fyrir bátaflotann liggja ekki fyrir, en fyrstu 5 mánuði ársins reyndist ýsuaflí bátaflotans þó fjórðungi minni en sömu mánuði 1985. Gert er ráð fyrir að ýsuaflinn 1986 hafi verið mjög svipaður og 1985 eða 50 þús. tonn (8. mynd).

Síðstu tvö ár hefur aldursdreifing ýsuaflans breyst þannig, að eldri árgangar eru að mestu úr veiðinni, en yngri árgangar orðnir uppistaða aflans. Fyrstu 5 mánuði ársins 1986 var hlutur 7 ára ýsu og eldri 20% af fjölda fiska og 30% af þyngd aflans en hlutur árganga 1980 og 1981 32% og 24% af þyngd.

2.2. Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur

Veiðistofn ýsu, þ.e. fjögurra ára og eldri fisks, er áætlaður 160 þús. tonn og hrygningarástofn 115 þús. tonn í ársbyrjun 1986, samkvæmt niðurstöðum aldurs-afla aðferðarinnar. Hliðstæð úttekt á ástandi ýsustofnsins frá september 1985 gerði ráð fyrir að stærð veiðistofns í upphafi árs 1986 yrði 150 þús. tonn og stærð hrygningarástofns 90 þús. tonn. Árgangur frá 1982 er nú talinn heldur stærri en þá var áætlað.

Miðað við 50 þús. tonna veiði á árinu 1986 er áætlað að veiðistofn í ársbyrjun 1987 verði 165 þús. tonn og hrygningarástofn óbreyttur. Mat á árgögum 1983 og eldri er í meginatriðum óbreytt að undanskildum árganginum frá 1982 sem virðist sterkt en áður var talið. Allt öðru máli gegnir um árgang 1984, sem í síðustu úttekt var áætlaður af meðalstærð. Í leiðangri til stofnmælinga botnfiska í mars 1986 voru árgangar frá 1984 og 1985 mjög áberandi í sýnum og hefur styrkur þeirra því verið endurmetinn. Þeir eru nú taldir sterktir eða 80 og 100 milljónir tveggja ára fisks, en meðalárgangur telst 66 milljónir.



8. mynd. ÝSA. a. Heildaraflí árin 1965–1986 (upper line) og meðalveiðidánartala 4–8 ára ýsu sama tímabil. b. Afrakstur á 2 ára nýliða og samsvarandi hrygningarástofn á nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölum). c. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarástofns, árin 1965–1986 í þúsundum tonna. d. Stærð ýsúárganganna 1965–1984. Fjöldi nýliða við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 8. HADDOCK. a. Total landings 1965–1986 (upper line) and F_{4-8} during the same period (lower line). b. Yield per 2 year old recruit (upper line) and the corresponding spawning stock biomass per recruit (lower line). c. Fishable stock (F^+) and spawning stock biomass during the period 1965–1986 (thousand tonnes). d. Size of the 1965–1984 year classes at age 2 (in millions).

Frá árinu 1981 og fram til 1985 jókst vöxtur ýsunnar. Fyrir árið 1986 og í framreikningi á stærð ýsustofnsins árin 1987–1989 er notuð meðalþyngd áranna 1983–1985.

2.3. Tillögur um hámarksafla 1987 og 1988

Framreikningar á stærð ýsustofnsins fyrir árin 1987–1989 miðað við mismunandi ársafla eru byggðir á áðurnefndum forsendum um árgangastærðir, þyngd og nýliðun og aflí sé 50 þús. tonn (tafla 2) árið 1986.

Veiðistofn ýsu er áætlaður 165 þús. tonn í ársbyrjun 1987. Þar sem tveir sterktir árgangar eru í uppvexti, mun veiðistofninn fara stækkandi frá og með árinu 1988. Við óbreytta sókn mun aflí ekki aukast að marki fyrr en árið 1989. Í ljósi þess telur Hafrannsóknastofnunin æskilegt að

TAFLA 2

Ýsa. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð ýsustofnsins (þús. tonn)
1987–1989.

Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1987–1989.

1986				1987				1988				1989			
Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Afli Catch	Veidiráðgjöf 1987 TAC	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾		
160	115	0,45	50	Aflahám. 65	165	115	0,68	65	185	120	0,69	65	215	130	
				Aflahám. 55			0,56	55	190	125	0,51	55	230	145	
				Aflahám. 45			0,42	45	200	130	0,36	45	255	160	

1) F = Veiðidánartala 4–7 ára ýsu.

Fishing mortality of age groups 4–7.

halda óbreyttí sókn í ýsustofninn næstu árin og samkvæmt því er lagt til að ýsuaflinn verði 50 þús. tonn 1987 og 55 þús. tonn 1988.

3. Ufsi


3.1. Afli, sókn og árgangaskipan 1986

Fyrstu 9 mánuði ársins var ufsaaflinn orðinn 8 þús. tonnum meiri en sömu mánuði 1985. Munar þar mest um aukinn netaafla. Afli togara á sóknareiningu í janúar-máí 1986 er svipaður og árið 1985. Aldursdreifing aflans á árinu sýndi að ufsaafli togara í botnvörpu byggðist mest á 4–6 ára ufsa og var hlutdeild 5 ára ufsa þyngst á metunum 35% af fjölda fiska. Afli netabáta byggðist mest á eldri fiski 6–8 ára og var hlutdeild 6 ára ufsa (árgangs 1980) mest 20% af fjölda.

3.2. Ástand stofnsins og nýliðun

Nýtt stofnmat byggt á aldurs-afla aðferð gerir ráð fyrir mjög áþekkri stofnstærð í ársbyrjun 1986 og síðasta stofnmat haustið 1985. Miðað við 55 þús. afla árið 1985 var gert ráð fyrir í síðustu skýrslu um nytjastofna að veiðistofn í ársbyrjun 1986 yrði 310 þús. tonn og hrygningastofn 190 þús. tonn. Aflinn 1985 reyndist 56 þús. tonn. Stærð veiðistofns, fjögurra ára og eldri ufsa í ársbyrjun 1986 er nú áætlaður 290 þús. tonn og hrygningastofns 170 þús. tonn (9. mynd).

Árgangar í ufsastofninum, að undanskildum 1976 og 1981 árgöngun-



9. mynd. UFSI. a. Heildaraflí árin 1965–1986 og meðalveiðidánartala 5–9 ára ufsa sama tímabil. b. Afrakstur á 3 ára nýliða og samsvarandi hrygningastofn á nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölju). Núverandi sókn ($F_{s,9}$) er nálaðt kjörsókn (F_k). c. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningastofns árin 1965–1986 í þúsundum tonna. d. Stærð ufsaárganganna 1965–1981. Fjöldi nýliða við priggja ára aldur (í milljónum).

Fig. 9. SAITHE. a. Total landings 1965–1986 (upper line) and $F_{s,9}$ during the same period (lower line). b. Yield per 3 year old recruit (upper line) and the corresponding spawning stock biomass per recruit (lower line). c. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1965–1986 (thousand tonnes). d. Size of the 1965–1981 year classes at age 3 (in millions).

um, eru allir undir meðalstærð. Miðað við fjölda þriggja ára ufsa í aflanum má gera ráð fyrir að 1983 árgangurinn sé a.m.k. af meðalstærð.

Seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu ná ekki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsans og eru því ekki til neinar tölur um nýliðun í stofninum. Í framreikningum á þróun ufsastofnsins er því miðað við meðaltal fyrri ára.

TAFLA 3

Ufsi. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð ufsastofnsins (þús. tonn)
1987–1989.

Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1987–1989.

1986			1987			1988			1989				
Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	Afli Catch	Veiðiráðgjöf 1987 og 1988 TAC	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	Afli Catch	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock	Afli Catch	Stofn 4+ Stock 4+	Hrygn.- stofn Spawning stock		
290	170	0,38	62	Aflahám. 80	320	190	0,46	80	330	190	0,45	80	
				Aflahám. 70		340	0,39	70	200	0,36	70	360	210
				Aflahám. 60		350	0,33	60	210	0,29	60	380	230

¹⁾ F = Veiðidánartala 5–9 ára ufsa.

Fishing mortality of age groups 5–9.

3.3. Tillögur um hámarksafla 1987

Í framrekningum á stofnstærð er miðað við 62 þús. tonna afla 1986. Ennfremur er miðað við að yngstu árgangarnir 1984 og 1985 séu af meðalstærð (47 milljónir þriggja ára nýliða). Meðalþyngd 1987–1989 er byggð á meðaltali áranna 1983–1985.

Við 80 þús. tonna mun stærð veiðistofns og hrygningarstofns nánast verða óbreytt á næstu árum (tafla 3). Til þess að ná þeim afla þarf að auka sókn frá því sem nú er, þannig að veiðidánartala mun vaxa úr 0,38 1986 í 0,45 1988.

Við 70 þús. tonna veiði mun veiðidánartalan standa sem næst í stað á næstu árum, en bæði veiðistofn og hrygningarstofn munu fara örliðið vaxandi. Veiðistofn vex úr 320 þús. tonnum 1987 í 360 þús. 1989 og hrygningarstofn úr 190 þús. tonnum 1987 í 210 þús. tonn árið 1989.

Verði afli takmarkaður við 60 þús. tonn mun veiðidánartala fara aftur lækkandi úr 0,38 1986 í 0,29 1988. Stofninn mun ennfremur stækka fyrr (tafla 3).


Frekari sóknaraukning í ufsa mun ekki leiða til aukins meðalafla er fram í sækir, þar sem afrakstur nú er svipaður og hámarksfrakstur. Með tilliti til þessa svo og óvissu um stærð yngstu árganganna leggur Hafrannsóknastofnunin til að ufsafla árið 1987 fari ekki yfir 65 þús. tonn.

4. Karfi og djúpkarfi

4.1. Afli og sókn

Karfaafli á Íslandsmiðum minnkaði úr 109 þús. tonnum árið 1984 í 92 þús. tonn árið 1985 eða um tær 16%. Samdráttur í karfaafla Íslendinga á árinu 1985 stafar fyrst og fremst af minni sókn, en afli á sóknareiningu var mjög svipaður og á árinu 1984. Á árinu 1986 eru líkur á að karfaaflinn hafi verið svipaður og árið áður, því í lok september var aflinn áþekkur bæði árin eða um 72 þús. tonn.

Í heild varð verulegur samdráttur í karfaveiðunum árið 1985 á svæðinu Færeysjar-Ísland-Austur Grænland, en talið er að sömu karfastofnar séu á þessu svæði og miðast stofnmat við það. Á árinu 1985 var heildar-aflinn á svæðinu um 123 þús. tonn en tær 138 þús. tonn árið 1984. Við Austur Grænland minnkaði aflinn um þrjú þús. tonn, þ.e. úr 14 þús. tonnum í 11 þús. tonn árin 1984–1985. Hins vegar jókst karfaaflinn við Færeysjar úr 14 þús. tonnum í 20 þús. tonn á sama tíma. Auk þess voru veidd á árinu 1985 um 49 þús. tonn af úthafskarfa, en tær 70 þús. tonn árið áður, svo þar hefur einnig átt sér stað mikill samdráttur í veiðum. Úthafskarfinn er talinn sérstakur stofn, en veiðar úr honum hófust fyrst að marki árið 1982.



10. mynd. Hlutfallsleg lengdardreifing karfa og djúpkarfa í veiðinni árabilið 1980–1986.

Fig. 10. Length categories (%) in the Icelandic landings of *Sebastodes marinus* and *S. mentella* in the period 1980–1986.

4.2. Aldurs- og lengdardreifing í afla

Hlutfall karfa og djúpkarfa undir 34 cm í afla var nokkru lægra árið 1985 en árið 1984. Ennfremur var nokkru meira um 13–20 ára fiska (34–42 cm) í karfaaflanum árið 1985, en þessir árgangar bera að jafnaði uppi veiðina. Mun færri fiskar af þessum árgöngum voru hins vegar í djúpkarfaaflanum árið 1985 en aftur á móti hærra hlutfall en árið áður af fiski sem var stærri en 42 cm (10. mynd).

Meðallengd landaðs karfa jókst því nokkuð af báðum tegundum frá árinu 1984 til 1985, eða úr 38,2 cm í 38,7 cm á karfa og úr 38,5 cm og í 39,7 á djúpkarfa.

Fyrstu 9 mánuði ársins 1986 var mun minna af báðum karfategundum undir 34 cm en árið áður en mun meira af karfa yfir 42 cm (þ.e. 20 ára og eldri), en minna af djúpkarfa af þeirri stærð. Meðallengd karfa var 39,7 cm en djúpkarfa 38,9 cm. Það hafa því átt sér stað töluberðar breytingar í lengdar- og aldurssamsetningu landaðs afla á árinu 1986.

4.3. Ástand karfastofnanna

4.3.1. Karfi


Í byrjun september 1986, fjallaði Alþjóðahafrannsóknaráðið um ástand karfastofnanna.

Á íslenska hafsvæðinu reyndist hlutur karfa 73% af lönduðum afla árið 1985. Fyrstu 9 mánuði ársins 1986 var hlutdeild karfa áfram svipuð eða 75%.

Að þessu sinni var stofnmat með aldurs-afla aðferð miðað við 11 ára fisk og eldri, þ.e. veiðistofn. Stofnstærðartölur frá fyrrí árum eru því ekki sambærilegar við þessa úttekt nema að því er varðar hrygningarstofninn. Veiðistofn (11 ára og eldri) jókst úr um 780 þús. tonnum árið 1977 í 950 þús. tonn árið 1981, en hefur minnkað stöðugt síðan og var árið 1985 kominn niður í um 800 þús. tonn (11. mynd). Hrygningarstofninn hefur tekið hliðstæðum breytingum, komst í u.þ.b. 475 þús. tonn 1981 en var kominn niður í um 410 þús. tonn árið 1985. Ný gögn um kynþroska benda til þess, að þetta sé full hátt metið og að hrygningarstofninn sé sennilega kominn niður fyrir 400 þús. tonn.

4.3.2. Djúpkarfi

EKKI var unnt að gera úttekt á djúpkarfa frekar en áður. Á öllu svæðinu jókst djúpkarfaaflinn aðeins lítillega á árinu 1985 eða úr rúnum 41 þús. tonnum 1984 í tæp 45 þús. tonn. Á Íslandsmiðum var hann næstum sá sami bæði árinu þ.e. um 24,5 þús. tonn 1984 og 24,7 þús. tonn 1985.



11. mynd KARFI. a. Heildarafla árin 1968–1986 og meðalveiðidánartala 14–23 ára karfa sama tímabil. b. Afrakstur á 11 ára nýliða og samsvarandi hrygningarstofn á nýliða miðað við mismunandi sókn. Af linuritnu má ráða að draga má verulega úr sókn, án þess að afrauksturinn á nýliða minnki er fram í sækir. c. Stað heildarstofns (11 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1968–1986 í þúsundum tonna. d. Stað karfaárganganna 1957–1972. Fjöldi nýliða við 11 ára aldur.

Fig. 11. REDFISH. a. Total landings 1968–1986 (upper line) and \bar{F}_{14-23} during the same period (lower line). b. Yield per 11 years old recruit (upper line) and the corresponding spawning stock biomass per recruit (lower line). c. Total stock (11+) and spawning stock biomass during the period 1968–1986 (thousand tonnes). d. Size of the 1957–1972 year classes at age 11 (in millions).

4.4. Tillögur um hámarksafla 1987

Frá árinu 1981 hefur karfastofnininum hnignað ár frá ári, bæði heildarstofni og hrygningarstofni. Pessi þróun virðist ætla að halda áfram, þrátt fyrir að sóknin hafi minnkað verulega síðustu árin í samræmi við tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Aflí á sóknareiningu íslenskra togara stóð hins vegar í stað á árinu 1985, boríð saman við 1984, en afli á sóknareiningu félj mjög á árinu 1983.

Reiknað hefur verið út hvaða áhrif mismunandi afli á árunum 1987 og 1988 hefði á karfastofninn (tafla 4). Í þessum framrekningum er gert ráð fyrir að aflinn á árinu 1986 hafi verið 83 þús. tonn, þ.e. tæplega 5 þús. tonnum meiri en á árinu 1985. Ástæðan fyrir því er sú, að líklegt þykir að afli Þjóðverja og Japana verði meiri árið 1986, þar sem afli

TAFLA 4

Karfi. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð karfastofnsins (þús. tonn)
1987-1989.

Redfish. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1987-1989.

1986			1987			1988			1989			
Stofn 11 ⁺ Stock II ⁺	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch	Veiðináðgjöf 1987 TAC	Stofn 11 ⁺ stofn Stock II ⁺	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch	Stofn 11 ⁺ stofn Stock II ⁺	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch	Stofn 11 ⁺ stofn Stock II ⁺	Hrygn.- stofn Spawning stock	
745	410.	0,19	83	Aflahám. 90	740	400	0,21	90	730	385	0,22	90
				Aflahám. 80		0,18	80	740	390	0,18	80	
				Aflahám. 70		0,16	70	750	400	0,15	70	
								765	410			

¹⁾ F = Veiðidánartala 14-23 ára fisks.

Fishing mortality of age groups 14-23.

Pjóðverja við Austur Grænland hefur nú glæðst aftur og Færeyingar hafa einnig aukið sóknina í karfa.

Ef miðað er við 80 þús. tonna ársafla 1987 og 1988 mun veiðistofninn (11 ára fiskur og eldri) haldast svo til óbreyttur, en hrygningarstofninn (14 ára og eldri) mun minnka nokkuð. Við 90 þús. tonna ársafla mun bæði veiðistofn og hrygningarstofn fara minnkandi. Við 70 þús. tonna ársafla mun hrygningarstofn haldast óbreyttur, en heildarstofn stækka lítillega.

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur á undanförnum árum mælt með 25 þús. tonna hámarksafla á djúpkarfa í varúðarskyni. Aflinn var hins vegar um 41-45 þús. tonn árin 1984 og 1985 og þar af aflí Íslendinga 24-25 þús. tonn hvort ár.

Með hliðsjón af niðurstöðum stofnmats og að hlutur djúpkarfa í karfaafla Íslendinga verði svipaður og verið hefur sl. ár, leggur Hafrannsóknastofnunin til, að hámarksafli á Íslandsmiðum 1987 verði 75 þús. tonn af báðum karfategundum samanlagt.


5. Grálúða

5.1. Aflí

Grálúðuaflinn við Austur Grænland, Ísland og Færeysjor var 32 þús. tonn árið 1985, þar af var aflí Íslendinga um 29 þús. tonn. Síðastliðin 6 ár hefur aflinn verið á bilinu 30-35 þús. tonn að undanteknu árinu 1981, þá var aflinn 15 þús. tonn.

5.2. Ástand stofnsins

Grálúða við Austur Grænland, Ísland og Færeysjor er talin tilheyra sama stofninum. Ný úttekt á þessum stofni var gerð í september 1986 á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins með aldurs-afla aðferð. Niðurstöður sýna að veiðidánartalan hefur verið nokkuð stöðug síðustu sex árin, á bilinu 0,45-0,56, en þó ívið lægri 1981. Frá 1976 til 1980 óx veiðidánartalan hratt (12. mynd). Heildarstofninn óx hægt og sígandi fram til 1982 og var þá um 200 þús. tonn. Síðan hefur hann minnkað nokkuð og er álitinn 175 þús. tonn í byrjun árs 1986. Hrygningarstofninn náði hámarki 1980, 85 þús. tonnum, en hefur síðan jafnt og þétt minnkað í 60 þús. tonn árið 1985. Stofnmatið sýnir enn fremur að nýliðun hefur haldist nokkuð stöðug fram til 1980, um 25 milljónir 5 ára fiska. Árin 1980 og 1981 hækkar þessi tala í 30 milljónir, en fellur í 25 milljónir 1982 og 1983.



12. mynd. GRÁLÚÐA. a. Heildarafli árin 1976-1986 og meðalveiðidánartala 8-13 ára grálúðu sama tímnabil. b. Afrakstur á 5 ára nýliða og samsvarandi hrygningarstofn á nýliða miðað við mismunandi sókn. c. Stærð heildarstofns (5 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1976-1986 í þúsundum tonna.

Fig. 12. GREENLAND HALIBUT. a. Total landings 1976-1986 (upper line) and F_{8-13} during the same period (lower line). b. Yield per 5 year old recruit (upper line) and the corresponding spawning stock biomass per recruit (lower line). c. Total stock (S^+) and spawning stock biomass during the period 1976-1986 (thousand tonnes).

TAFLA 5

Grálúða. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð grálúðustofnsins (þús. tonn)
1987-1989.

*Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes)
for different management strategies in 1987-1989.*

1986				1987				1988				1989			
Stofn 5 ⁺ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch	Veiðiráðgjöf 1987 TAC	Stofn 5 ⁺ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch	Stofn 5 ⁺ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch	Stofn 5 ⁺ Stock	Hrygn.- stofn Spawning stock	F ¹⁾ Aflí Catch			
180	60	0,46	30	Aflahám. 35	175	55	0,63	35	170	50	0,71	35	160	45	
				Aflahám. 30			0,51	30	175	55	0,53	30	170	55	
				Aflahám. 25			0,41	25	180	60	0,39	25	180	60	

¹⁾ F = Veiðidánartala 8-13 ára grálúðu.

Fishing mortality of age groups 8-13.

5.3. Tillögur um hámarksafla 1987


Á tímabilinu janúar-september 1986 höfðu veiðst um 26 þús. tonn af grálúðu. Þetta er svipaður aflí og á sama tíma árið 1985. Heildaraflinn á árinu 1986 er því um 30 þús. tonn.

Í spá um afla 1987 er gert ráð fyrir að nýliðun verði nálægt meðal-nýliðun áranna 1975-1982 og að aflí árið 1986 sé 30 þús. tonn. Ef veidd verða 30 þús. tonn árið 1987 mun stofninn minnka lítillega (tafla 5). Verði aflí hins vegar 25 þús. tonn á næsta ári mun stofninn stækka lítillega. Þarna er ekki um miklar sveiflur að ræða. Ef tekið er tillit til þess að aflí útlendinga hefur undanfarin ár verið á bilinu 3-5 þús. tonn, leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli Íslendinga verði 25 þús. tonn árið 1987. Samanborið við árið 1985 mundi sókn og veiðidánartala þá minnka nokkuð 1987, enda hefur sókn í grálúðustofninn verið of mikil undanfarin ár.

6. Steinbítur

Undanfarin ár hefur steinbítsaflinn verið um 10 þús. tonn (13. mynd). Árið 1985 var hann tæp 10 þús. tonn og áætlaður aflí 1986 um 12 þús. tonn. Aflinn hefur samanstaðið af fiski á aldrinum 8-20 ára, en 10-15 ára fiskur verið algengastur. Hámarksjafnstöðuafli steinbíts er talinn um 13 þús. tonn. Samkvæmt niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska


Pús. tonn



13. mynd. STEINBÍTUR. Heildaraflí á Íslandsmyðum 1965-1985.

Fig. 13. CATFISH. Total landings from Iceland grounds 1965-1985.

Pús. tonn



14. mynd. SKARKOLI. Heildaraflí á Íslandsmyðum 1960-1985.


Fig. 14. PLAICE. Total landings from Iceland grounds 1960-1985.

árin 1985 og 1986 er stærð steinbítsstofnsins (vísitala) áþekk bæði árin. Ástand stofnsins er því sem fyrr talið gott.

7. Skarkoli

Heildaraflí á árinu 1985 varð tæp 14.5 þús. tonn, sem er mesti ársafli síðan 1950 (14. mynd). Sókn í skarkola hefur aukist og tekið nokkrum breytingum síðastliðin 2-3 ár með tilkomu ferskfishkúflutnings í gánum. Áður veiddist venjulega lítill hluti ársaflans fyrr hluta árs. Veiðar tóku venjulega ekki við sér fyrr en líða tók á sumar og héldust út haustið. Árið 1985 bregður svo við að veiðar hófust snemma árs og í lok maí höfðu 4.000 tonn eða 28% ársaflans veiðst. Aflí í janúar-september 1986 var svipaður og 1985 eða rúm 10 þús. tonn. Hafi þróun orðið svipuð út árið 1986 og var 1985, má búast við um 14 þús. tonna afla árið 1986.

Horfur árið 1987 eru óvissar, en þróun veiðanna á þessari öld bendir til að hámarksjafnstöðuafli úr stofnínunum sé um 10 þús. tonn. Hafrannsóknastofnunin leggur því til, að leyfilegur hámarksafli af skarkola verði 10 þús. tonn árið 1987.



15. BLÁLANGA. Heildaraflí á Íslandsmiðum 1966–1985.


Fig. 15. BLUE LING. Total landings from Iceland grounds 1966–1985.

8. Blálanga

Blálönguafli á Íslandsmiðum fæst nú eingöngu sem aukaafli við aðrar veiðar, einkum karfaveiðar. Árið 1985 var blálönguaflinn svipaður og árið 1978, þ.e. áður en sérstakar blálönguveiðar hófust að ráði á hrygandi fiski í febrúar og mars (15. mynd). Aflinn var mestur árin 1980 og 1981, um 8.000 tonn hvort árið, en var kominn niður í tæp 1.500 tonn árið 1985. Í lok september 1986 var blálönguaflinn orðinn rúm 1.400 tonn en var rúm 1.100 tonn á sama tíma árið 1985. Með tilliti til þess má reikna með að heildaraflinn árið 1986 hafi verið 2.000 tonn. Búist er við svipuðum afla árið 1987, nema meiri háttar breyting verði í karfaveiðum. Þá er ekki útilokað, að veiðar á hrygandi blálöngu hefjist á ný.

9. Langa

Lönguafli Íslendinga árið 1985 var 3.000 tonn, en meðalafli árin 1981–1985 var 3.500 tonn. Í lok september 1986 var aflinn orðinn tæp 2.500 tonn, sem er svipað og á sama tíma árið 1985 (16. mynd). Ef reiknað er með, að tilsvarandi hluti ársaflans hafi veiðst seinni hluta ársins 1986, verður heildaraflinn 1986 um 3.000 tonn. Að óbreyttu er talið, að aflinn á árinu 1987 verði innan við 3.000 tonn.




16. LANGA. Heildaraflí á Íslandsmiðum 1966–1985

Fig. 16. LING. Total landings from Iceland grounds 1966–1985.

10. Keila

Keiluaflinn árið 1985 var rúm 3.000 tonn, sem er um 300 tonnum minni afli en árin 1983–1984 (17. mynd). Meðalafli Íslendinga árin 1981–1985 var um 3.100 tonn. Reiknað er með, að aflinn 1986 hafi verið um 2.000 tonn. Þar sem 90–95% keiluaflans er veiddur á línu (93% árið 1985), fer ársaflinn eftir línusókn. Með svipaðri sókn og undanfarin ár má reikna með að aflinn 1987 verði um 3.000 tonn. Á það skal bent, að keiluaflri Íslendinga hefur verið tiltölulega stöðugur s.l. 10 ár, þ.e. í kringum 3.000 tonn.



17. mynd. KEILA. Heildarafli á Íslandsmiðum 1966–1985.

Fig. 17. TUSK. Total landings from Iceland grounds 1966–1985.


11. Hrognkelsi

Grásleppuvertíðin 1986 var með þeim lélegustu síðan farið var að stunda þessar veiðar af alvöru. Vertíðin 1982 var þó enn verri eins og sjá má á 18. mynd. Aðalástæðan fyrir því að svona fór er sú, að gæftir voru með fádænum stirðar yfir vertíðina sérstaklega á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi en einnig var á sumum veiðisvæðum óvenju lítil hrognkelsagengd. Vegna slæmrar veðrættu varð víða netatjón, net ókláruðust og fylltust af þara. Ennfremur má ætla að afli hristist úr netum við mikið öldurót og strauma. Af þessum orsökum verður alltaf að hafa þann fyrirvara á spám, að veðurfar á vertíð hafi úrslitaáhrif á afla. Hér verður því ekki spáð fyrir um árangur veiðanna en reynt að nota aldurs- og lengdardreifingu grásleppu í afla grásleppubátanna til að segja fyrir um líkur á hrognkelsagengd á hverju veiðisvæði miðað við árin á undan.

11.1. Veiðarnar 1986 og horfur 1987

Mynd 19 sýnir hvernig aflabréögð voru á vertíðinni 1986 á nokkrum mismunandi veiðisvæðum.

Í Faxaflóa var mjög lítið af grásleppu á miðunum annað árið í röð. Á sunnanverðum Breiðafirði var einnig mjög líttill afli þótt hrognkelsa-



18. mynd. Heildarafli grásleppuhrogna hér við land 1970–1986.


Fig. 18. Total landings of lump sucker roes (tonnes) from Iceland grounds 1970–1986.

gengd væri mjög góð árið áður. Ástæða fyrir því að svo óvenjulega slæmt ástand hefur verið á nær öllum veiðisvæðum sunnan Bjartanga er óljós, en þess verður að geta að á þessum slóðum eru mjög mikil brögð að því að hrognkelsi séu sýkt af gródýrategund sem leggst á sundvööva fisksins. Erfitt er að segja fyrir um gengd á næsta vori, en nýliðun virðist lítil a.m.k. í Faxaflóa. Nýliðun í Breiðafirði virðist hins vegar skári (mynd 19).

Frá Vestfjörðum eru aðeins til gögn frá Patreksfirði og næsta nágrenni fyrir 1986, en þar var veiði tölувert undir meðallagi. Mælingar benda til þess að særileg nýliðun hafi orðið 1986 eins og mynd 19 sýnir og gæti því hrognkelsagengd aukist aftur á þessu svæði næsta vor.

Á Ströndum var búist við særilegri veiði miðað við horfur á árinu 1985. Eins og víðar viðraði með eindænum illa á þessu svæði og því ekki auðvelt að dæma um það hvort spá um hrognkelsagengd hafi ræst. Ekki var hægt að kanna ástand stofnsins á þessum slóðum fyrr en að loknu veiðitímabili. Í könnun sem þá var gerð, var afli um 4.0 grásleppur á netnótt sem þykir særilegt.

Á Norðurlandi annars staðar en í Húnaflóa var búist við töluvvert minni hrognkelsagengd vorið 1986 en árið áður. Þetta virtist rætast en erfið tíð gerði veiðina enn lakari en búist var við. 19. mynd, sem sýnir árangur mælinga í Öxarfirði í mars, apríl og maí 1986, er nokkuð dæmi-



19. mynd. HROGNKELSI. Lengdardreifing grásleppu í veiði á nokkrum svæðum, þar sem mælingar fóru fram vorið 1986. Afli á sóknareiningu er fjöldi grásleppna á netanótt í hverjum lengdarflokk. Mikill fjöldi á sóknareiningu á lengdarbilinu 36-39 cm gefur til kynna góða nýliðun.

Fig. 19. Length composition of female lumpucker in different fishing areas in 1984. The % length composition has been multiplied by cpue in order to estimate the recruitment to the fisheries which are mainly represented by the 36-39 cm length groups.

gerð fyrir aflabréögð eins og þau voru á Norðurlandi vorið 1986. Nýliðun var nokkuð góð þar sem mælingar fóru fram, þannig að gera má ráð fyrir aukinni hrognkelsagengd fyrir Norðurlandi 1987.

Á Austurlandi var góð hrognkelsagengd eins og búist var við samkvæmt mælingum 1985 og árangur veiða var sæmilegur, þrátt fyrir slæmt veður. Hátt hlutfall smágrásleppu í veiði bendir til áframhaldandi góðrar grásleppugengdar árið 1987.

12. Síld

12.1. Síldveiðarnar haustið 1985

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar „Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1985“ var lagt til að ekki skyldi veitt meira en 50 þús. tonn af íslenskri sumargotssíld árið 1985. Ákveðið var af stjórnvöldum að á vertíðinni haustið 1985 skyldi veitt allt að 50 þús. tonn. Leyfi til síldveiða fengu alls 140 skip en 89 fóru til veiða. Af þeim skipum sem héldu til veiða voru 77 nótaskip og 12 reknetabátar. Alls voru það því 51 skip sem héldu ekki til veiða en langflest þeirra framseldu kvóta sína eða 47 skip en 4 nýttu sér ekki veiðileyfin.

Skipulag veiðanna 1985 var með svipuðum hætti og 1983 og 1984 þ.e. reglur um verðmætakvóta. Þær breytingar voru þó gerðar fyrir vertíðina 1985 að ákveðnir voru kvótar fyrir einstaka reknetabáta og eins voru lagnetaveiðarnar ekki háðar sérstökum veiðileyfum eins og áður.

Lagnetaveiðarnar hófust 10. ágúst en veiðar í hringnót og reknet hófst 29. september. Öllum síldveiðum lauk 20. desember.

Heildaraflí hringnóttabátanna varð 44.800 þús. tonn eða um 580 tonna meðalaflí á bát, sem er um 180 tonnum meiri afli en á vertíðinni 1984. Mjög lítið veiddist í reknet á síðustu vertíð eða 4.100 tonn. Petta er rétt um helmingur af þeim afla sem veiddist í reknet á vertíðinni 1984. Meðalaflí reknetabáta var um 340 tonn eða um 140 tonnum meiri en 1984. Í lagnet veiddust um 120 tonn þannig að heildaraflinn á vertíðinni varð rúm 49 þús. tonn.

Áðalveiðisvæðin voru innfjarða og í fjarðarmynnum allt frá Bakkaflóa suður í Berufjörð. Lítillsháttar veiði var á Lónsbug en þar kom strax til lokunar vegna þess hve síldin var smá. Talsvert af síld veiddist suður af Hvalbak og er það í fyrsta skipti í mörg ár að veiðisvæði finnst svo langt undan landi. Talsvert varð vart við smásíld með suðurströndinni á vertíðinni og eitthvað var einnig af smásíld í Faxaflóa og á Breiðafirði. Í Ísafjarðardjúpi veiddust rúm 2.000 tonn af síld í október og var hún stór og feit miðað við síld af öðrum veiðisvæðum.

Lítið af síld virtist ganga norður fyrir land eftir hrygninguna í júlí og ágúst og veiddust ekki nema um 120 tonn út af Norðurlandi á vertíðinni. Pessi síld veiddist öll í lagnet.

Í júlímánuði veiddust rúm 200 tonn af síld við suðvesturströndina, en gefið var leyfi til veiða á hrygningartímanum til þess að gera tilraunir á vinnslu síldarhogna.

TAFLA 6

Aldursdreifing sildaraflans 1985 í % eftir veiðarfærum og spá um aldursdreifingu 1986 ásamt meðalþyngd og meðallengd.

Age distribution of herring (in %) in different fishing gear in 1985, a prognosis of age distribution for 1986, mean weight and mean length.

Aldur Age	ALDURSSKIPTING AGE DISTRIBUTION				Spá 1986 Prognosis 1986		Meðalp. Mean weight g	Meðall. Mean length cm
	1985		Lagnet Bottom set gill net	Samtals ¹⁾ Total	Eftir fjölda By numbers	Eftir þyngd By weight		
	Hringnöt Purse seine	Reknet Drift net						
2 +	—	—	—	+ (+)	+	+	60	19
3 8	4	—	—	7 (6)	12	5	124	25
4 12	35	1	14	(16)	13	10	199	29
5 12	18	1	12	(17)	11	10	259	31
6 49	37	13	48	(42)	10	10	297	33
7 7	4	9	7	(8)	38	42	313	34
8 4	1	7	3	(3)	5	6	337	35
9 1	1	8	1	(2)	3	4	352	36
9+ 7	—	61	8	(6)	8	13	415	36


¹⁾ Tölurnar í sviga tákna spá um aldursskiptingu afla.

The figures in brackets give the prognosis for 1985.

12.2. Aldursskipting og stofnstærð

Á árunum 1975–1977 var árgangurinn frá 1971 algengastur í aflanum. Frá 1979–1982 voru það sterku árgangarnir frá 1974 og 1975 sem báru uppi veiðina. Mikil breyting varð árið 1983 í aldurssamsetningu sildaraflans en það ár kom mjög sterkur árgangur frá 1979 inn í veiðina og var yfir 50% af heildaraflanum. Á vertíðinni 1984 var hann einnig lang algengastur í veiðinni og á síðustu vertíð 1985 var hann enn nærrí 50% af heildaraflanum (tafla 6).

Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Pessar mælingar hafa farið fram í desember eða janúar að lokinni vertíð. Í nóvember og desember 1985 og í janúar 1986 voru farnir tveir leiðangrar í þessu skyni. Í fyrri leiðangrinum var fyrst og fremst verið að kanna magn og útbreiðslu eins og tveggja ára síldar en það eru árgangarnir frá 1983 og 1984. Mest fannst af smásíld á Arnarfirði, Húnaflóu og Eyjafirði. Í leiðangrinum sem var farinn í janúar 1986 fannst einnig talsvert af smásíld í Lónsbug. Niðurstöður



Mynd 20. SÍLD. a. Heildarafli árin 1975–1985 og vegin meðalveiðidánartala (F) fjögurra ára og eldri síldar sama tímabil. b. Afrikstur á tveggja ára nýliða (kg) og samsvarandi hrygningarstofn á nýliða (kg) miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu). Tvöföldun sóknar yki afriksturinn óverulega (10%) en hins vegar myndi hrygningarstofn minnka um 33%. c. Stærð hrygningarsíldofs árin 1970–1986 í þúsundum tonna. d. Stærð (milljónir einstaklinga) síldarárganganna 1970–1982 samkvæmt aldurs-afla aðferðinni. Stærð árganganna frá 1983 og 1984 eru niðurstöður síðustu bergmálsmælinga.

Fig. 20. HERRING. a. Total landings 1975–1985 (upper line) and weighted F_{4+} during the same period (lower line). b. Yield per 2 year old recruit (kg) (upper line) and the corresponding spawning stock biomass per recruit (lower line). c. Spawning stock biomass (thousand tonnes) 1970–1986. d. Year classes 1970–1982 samkvæmt aldurs-afla aðferðinni. Stærð árganganna frá 1983 og 1984 eru niðurstöður síðustu bergmálsmælinga.

þessara mælinga á smásíld gefa til kynna að árgangurinn frá 1983 sé mjög sterkur og geti verið af svipaðri stærð og árgangurinn frá 1979, sem er sá lang stærsti sem hefur komið fram í þessum stofni svo vitað sé. Mælingarnar á 1984-árganginum gáfu hinsvegar til kynna að þar væri um meðalárgang að ræða miðað við langtímaðeltal. Ef 1983 árgangurinn reynist eins sterkur og þessar fyrstu mælingar gefa til kynna og vaxtarhraðinn verður svipaður og hjá 1979 árganginum, má búast við að mikil veiðist af honum á vertíðinni 1987 sem fjögurra ára síld, þá 27–29 cm.

Seinni leiðangurinn var farinn í janúar til þess að kanna magn og útbreiðslu veiðistofnsins. Í þessum leiðangri fannst síld í fjörðunum fyrir austan, frá Seyðisfirði til Berufjarðar. Ekki varð vart við síld með suður-

ströndinni eða á öðrum stöðum þar sem leitað var og því ljóst að síldin, sem hafði verið á Bakkaflóa og við Hvalbak á vertíðinni, hefur verið gengin inn á Austfirðina til veturnsetu í janúar 1986.

Niðurstöður þessa leiðangurs eru þær helstar að árgangurinn frá 1979 er enn talinn mjög stór eða um 50% af veiðistofnинum. Alls mældust í þessum tveimur leiðöngrum um 380 þús. tonn af síld. Samkvæmt þessari úttekt hefur hrygningastofninn vaxið út um 250 þús. tonnum 1983 í um 325 þús. tonn 1985 (20. mynd). Í úttektinni eftir vertíðina 1984 var gert ráð fyrir að hrygningastofninn 1985 yrði um 260 þús. tonn. Nú hefur komið í ljós að síldin óx meira sumarið 1985 en gert var ráð fyrir og var hún að meðaltali 13% þyngri 1985 en 1984. Pessi mikli vöxtur árið 1985 ásamt nokkru vanmati á stærð eldri árganga stofnsins veldur þessum mun á stofnstærðarmati áranna 1985 og 1986. Í þessari úttekt sem hér birtist er stuðst við nýja aðferð þar sem tekið er tillit til allra bergmálsmælinga sem gerðar hafa verið á íslenska síldarstofnинum, en í fyrri úttektum voru einungis nýjustu niðurstöður bergmálsmælinganna notaðar. Með því að taka tillit til fleiri mælinga er búist við að sveiflur í stofnstærðarmati verði minni en ella.

Á 20. mynd er sýnd stærð einstakra árganga frá 1970 til 1984. Árgangastærðin er metin með aldurs-afla aðferðinni nema stærð árganganna frá 1983 og 1984 sem miðast beint við bergmálsmælingarnar sem gerðar voru veturninn 1985–86. Það kemur vel fram á myndinni hve stórir árgangarnir frá 1979 og 1983 eru miðað við aðra árganga, eða u.b.b. tvöfalt stærri en stóru árgangarnir frá 1974 og 1975 en þeir tveir árgangar báru uppi veiðina á vertíðunum 1980–1982.

12.3. Horfur og tillögur um afla 1986–1987

Allt frá því að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotssíldarstofnинum 1975 hefur sókninni verið stillt mjög í hóf og hin síðustu ár hefur hún miðast við svokallaða kjörsókn. Sýnt hefur verið fram að afrakstur úr stofnинum eykst mjög lítið með aukinni sókn, eftir að kjörsókn er náð. Með þessari takmörkuðu sókn í stofninn og því að stofnинum bættust góðir árgangar frá árunum 1971, 1974 og 1975 stækkaði hann tiltölulega ört og aflinn hefur aukist að sama skapi.

Meðalveiðidánartalan fyrir 5 ára síld og eldri hefur verið mjög nálægt kjörsókninni 0,22 nema árið 1982 þegar hún fór í 0,40. Veiðidánartalan fyrir tímabilið 1975–1985 er hins vegar að meðaltali 0,23.

Spáð hefur verið um þróun síldarstofnsins, og er byggt á niðurstöðum síðustu úttektar á ástandi stofnsins (tafla 7). Gert er ráð fyrir að hrygningastofninn verði 330 þús. tonn 1986 þ.e. að stofnstærðin haldist

TAFLA 7

Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1987 á áætlaða stærð hrygningastofns sumargotssíldar (þús. tonn) 1988.
Projection of the spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thousand tonnes) in 1987 for different management strategies in 1988.

1987	Veiðaráðgjöf 1987	1988
Hrygningastofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July	F ₄₊ Aflí	Hrygningastofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July
410	0,16 = F ₈₅ 0,22 = F _k 0,30	55 70 90
		440 425 395

¹⁾ Vegin veiðidánartala 4 ára og eldri.

Weighted fishing mortality of age groups 4⁺.

óbreytt frá 1985. Ástæðan fyrir þessu er sú að árgangurinn frá 1981 er lítill og árgangurinn frá 1982 er álitinn rétt í meðallagi. Vegna sterka árgangsins frá 1983, sem að mestum hluta verður kynþroska 1987, mun hrygningastofninn stækka mikið það ár. Ef miðað er við kjörsókn á vertíðinni 1986 er gert ráð fyrir að hrygningastofninn vaxi í 410 þús. tonn 1987. Meiri sókn á vertíðinni 1986 leiðir til þess að stofninn vex hægar.

Eins og áður er vikið að, leiðir sókn sem er yfir kjörsókn til mjög lítið illar aukningar í afrakstri síldarstofnsins, þannig að til lengri tíma litið er mjög lítið unnið við aukna sókn. Ef stofninn er nýttur með sem næst kjörsókn mun hann stækka meira og örará en ella og ekki er minnst um vert að aflasveiflur, sem orsakast af lélegum árgöngum munu verða miklu minni.

Samkvæmt því sem fyrr er sagt um nýtingu stofnsins og kjörsókn, lagði Hafrannsóknastofnunin til að síldaraflinn á haustvertíðinni 1986 fari ekki fram út 65 þús. tonnum. Ef þær forsendur um nýliðun sem þessi úttekt byggir á reynast réttar mun kjörsókn á vertíðinni 1987 leiða til um 70 þús. tonna afla. Pessi bráðabirgðatillaga fyrir 1987 verður endurskoðuð strax og ástand stofnsins hefur verið kannað eftir haustvertíðina 1986.

13. Loðna

13.1. Veiðarnar 1985/1986

Í samræmi við bergmálsmælingar á stærð stofnsins í október 1985 komust Íslendingar og Norðmenn að samkomulagi um að hámarksafli þessara þjóða yrði 1.200 þús. tonn. Loðnuveiðum á vegum Grænlands var þá lokið en þær námu rúnum 80 þús. tonnum.

Heildaraflinn á vertíðinni varð 1.307 þús. tonn. Bergmálsmælingar, sem gerðar voru á stærð stofnsins í febrúar 1986, sýndu m.a. að 400 þús. tonn af loðnu myndu hrygna hér við landið vorið 1986 eins og gert hafði verið ráð fyrir í veiðiráðgjöfnni.

Próun og nýting veiðistofnsins á vertíðunum 1978/79–1985/86 og stærð loðnuárganganna frá 1976–1984 áður en þeir koma inn í veiðina er sýnd á 21. mynd.

13.2. Ástand veiðistofnsins 1986/1987


Bergmálsmæling á ókynþroska loðnu af árgöngunum 1983 og 1984 (veiðistofn 1986/1987) fór fram í febrúar 1986. Alls mældust um 125 milljarðar fiska og voru 52.5 milljarðar af árganginum frá 1983 en afgangurinn af árgangi 1984. Þetta benti til að óvenju hátt hlutfall eldri árgangs myndi verða í hrygningarástofninum 1987 eða um 50% af fjölda.

Bergmálsmæling á stærð veiðistofnsins var gerð í október 1986, þ.e. á sama tíma árs og venja hefur verið. Alls mældust um 29.9 og 20.5 milljarðar fiska af árgöngunum 1983 og 1984, samtals um 1.100 þús. tonn. Minna var því af 1984 árganginum en febrúarathugunin hafði bent til.

13.3. Hámarksafli á vertíðinni 1986/1987

Með hlíðsjón af mælingum á stærð stofnsins í febrúar 1986, sem greint er frá að framan, var áætlað að hámarksafli gæti orðið svipaður og á vertíðinni 1985/1986 miðað við venjuleg vaxtarskilyrði. Í ljósi reynslunnar mátti hins vegar gera ráð fyrir miklum breytingum á meðalþyngd beggja árganga auk þess sem óvist var um kynþroskahlutfall yngri árgangsins, en veiðarnar byggjast að langmestu leyti á kynþroska loðnu.

Pess vegna var lagt til að leyfilegur hámarksafli á tímabilinu júlí-nóvember 1986 yrði 800 þús. tonn, en hámarksafli tímabilisins desember 1986 til mars 1987 yrði hins vegar ákveðinn að loknum bergmálsmælingum á stærð stofnsins í október 1986 en þá lægu jafnframt fyrir nýjar niðurstöður um vöxt og kynþroskahlutfall.



21. mynd. LODNA. a. Stærð hrygningaráhluta loðnustofnsins, þ.e. veiðistofns 1. ágúst samkvæmt bergmálsmælingum, áætluðum afföllum og heildarafla vertíðanna 1978/79–1986/87 og stærð hrygningarástofns við hrygningu í lok vertíðar. b. Stærð loðnuárganganna 1976–1984. Fjöldi nýliða við 2 ára aldur (í milljörðum).

Fig. 21. CAPELIN. a. Acoustic estimate of maturing stock biomass backcalculated to August 1st by estimated natural mortality, total landings during 1978/79–1986/87 seasons and spawning stock biomass at spawning time. b. Size of the 1976–1984 year classes at age 2 (in billions).

Endurskoðaðar tillögur um hámarksafla á vertíðinni 1986/1987 liggja nú fyrir. Þær byggjast á niðurstöðum bergmálsmælingar, frá október 1986. Gert er ráð fyrir að:

1. Veiðarnar byggist nær eingöngu á kynþroska loðnu.
2. Pyngdaraukning í veiðihluta stofns tímabilið október-janúar verði svipuð og meðaltal vertíðanna 1979/80–1984/85.
3. Náttúruleg afföll verði í samræmi við niðurstöður fyrri rannsóknna.
4. Hrygningastofn í mars-apríl verði 400 þús. tonn.

Miðað við þessar forsendur verður hámarksafli frá því októbermælingunni lauk til loka vetrarvertíðar 660 þús. tonn. Í lok október átti eftir að veiða um 370 þús. tonn af því 800 þús. tonna aflamarki, sem sett var á loðnuveiðar Íslendinga og Norðmanna fyrir tímabilið júlí-nóvember 1986. Því er lagt til að hámarksafli á tímabilinu desember 1986–mars 1987 verði 300 þús. tonn. Þetta svarar til um 1.170 þús. tonna afla á vertíðinni í heild, ef með eru talðar veiðar danskra og færeyskra skipa á Grænlandsmiðum, sem námu um 75 þús. tonnum sumarið og haustið 1986.

13.4. Hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1987

Veiðarnar munu fyrst og fremst byggjast á 1985 árganginum auk þess hluta 1984 árgangsins, sem ekki hrygnir vorið 1987.

Í ágúst 1986 mældu Íslendingar og Norðmenn fjölda ársgamallar loðnu af 1985 árganginum. Niðurstöður bentu til þess að árgangurinn væri fremur slakur. Kynþroskahlutfall 1984 árgangsins var mjög hátt í október s.l. svo búast má við að mestur hluti hans hrygni vorið 1987.

Ofangreindar athuganir benda til þess að samdráttur verði í veiðistofni loðnunnar 1987/1988 miðað við síðastliðnar vertíðir. Frekari upplýsingar um fjölda ókynþroska loðnu af árgöngum frá 1984 og 1985 fást væntanlega í janúar-febrúar 1987. Ekkert verður lagt til um hámarksafla á sumar- og haustvertíð 1987 fyrr en að þeim leiðangri loknum.

14. Kolmunni

14.1. Veiðarnar

Á árunum 1979 og 1980 náði kolmunnaaflinn hámarki og varð tæplega 1.1 milljón tonn. Síðan minnkaði hann örth og var kominn niður í 539 þús. tonn 1983. Eftir það hefur aflinn aukist nokkuð aftur og var 604 þús. tonn og 645 þús. tonn árin 1984 og 1985 (22. mynd).


14.2. Árgangaskipan og kynþroski

Árið 1984 voru árgangarnir frá 1982 og 1983 mjög áberandi í veiðinni eða samtals um 62% af fjölda landaðra fiska. Árið 1985 voru þessir tveir árgangar um 49% af fjölda landaðra fiska og samanlagt voru árgangarnir frá 1982–1985 um 79% af fjölda fiska í afla. Veiðarnar byggjast mjög á ungfiski og er afrafkstur á nýliða líttill (22. mynd).

Nýjar upplýsingar um kynþroska og aldur sem nú eru handbærar, sýna að aðeins 85% 4 ára fisks er talinn kynþroska og 100% kynþroska er ekki náð fyrr en við 7 ára aldur. Pessar upplýsingar voru notaðar við úttekt á stofninum á vinnunefndarfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í sept. 1986.

14.3. Stofnstærð

Eins og í fyrri úttektum á kolunnastofnum samræmdi kolmannavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins aldurs-afla aðferð og niðurstöður bergmálsmælinga. Heildarstofninn minnkaði stöðugt á árunum 1976–1982, en eftir þann tíma hefur þessi þróun snúist við og stofninn



22. mynd. KOLMUNNI. a. Heildarafli árin 1970–1985 og vegin meðalveiðidánartala (F) þriggja til tólf ára fisks á sama tímabili. b. Afrakstur á nýliða (g) þriggja til tólf ára fisks á sama tímabili. c. Stærð heildarstofns og hrygningarstofns 1970–1986. d. Stærð árganga 1970–1985 (i milljörðum seíða).

Fig. 22. BLUE WHITING. a. Total landings (upper line) during the period 1970–1985 and weighted \bar{F}_{3-12} during the same period. b. Yield per recruit (g) and corresponding spawning stock biomass (lower line) per recruit. c. Total stock and spawning stock biomass 1970–1986. d. Size of the 1970–1985 year classes. Numbers of O-group fish ($\times 10^3$).

TAFLA 8

Kolmunni. Áhrif mismunandi aflatámarks á áætlaða stærð kolunnastofnsins (þús. tonn) 1987–1988.

Blue whiting. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1987–1988.

1986				1987				1988		
Heildarstofn Stock size	Hrygningar- stofn Spawning stock	$F^{1)}$	Aflit Catch	Heildarstofn Stock size	Hrygningar- stofn Spawning stock	$F^{1)}$	Aflit Catch	Heildarstofn Stock size	Hrygningar- stofn Spawning stock	
6,0	4,5	0,14	670	$F_{87} = F_{86}$	5900	4500	0,14	660	5700	4300

¹⁾ $F =$ Veiðidánartala 3-12 ára kolunna.

Fishing mortality of age groups 3-12.

stækkað vegna sterku árganganna frá 1982 og 1983. Hrygningarstofninn minnkaði einnig á tímabilinu frá 1976–1985, en eftir það fór hann heldur að rétta við þegar kynþroskahlutfall þessara sömu sterku árganga jókst. Meðalveiðidánartala 3–12 ára fisks jókst stöðugt 1976–1981, en hefur síðan minnkað og var um 0,14 árið 1985 (22. mynd).

14.4. Horfur

Aflaspár og þróun stofnstærðar fyrir árin 1987 og 1988 eru sýndar í töflu 8. Gert er ráð fyrir meðalnýliðun 1986–1988 (15 milljarðar nýliða) og sömu sókn 1986 og var 1985 (fiskveiðidánartölum 0,14). Slík sókn gæfi um 660 þús. tonna afla 1987 en bæði heildar- og hrygningarstofn myndu minnka lítillega.

15. Humar

15.1. Humarveiðarnar 1986


Humarvertíðin 1986 hófst 20. maí og var að mestu lokið síðari hluta júlmánaðar.

Alls var úthlutað 2.495 tonna humarkvóta til 82 báta og var það í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan hámarksafla af humri árið 1986. Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust alls rúm 2.500 tonn, en humaraflinn 1985 var 2.385 tonn.

Skilyrði til humarveiða voru góð, bæði hvað varðar ástand sjávar og gæftir. Þegar á heildina er litið voru aflabréögð ágæt og varð meðalafli á togtíma á vertíðinni 1986 61,3 kg, en hann var 56,4 kg 1985. Aukin aflabréögð árin 1985–1986 eiga að verulegu leyti rætur að rekja til betri nýliðunar í veiðistofni sem er 6 ára og eldri humar, enda hefur hlutdeild smærri humars í veiðinni farið vaxandi (23. mynd a). Pessu er öfugt farið við árin 1983–1984, þegar nýliðunin var víðast undir meðallagi og afli á togtíma dróst saman.

Á suðvesturmiðum (Miðnessjór-Selvogsleir) varð humarveiðin minni árið 1986 en 1985, eða um 485 tonn samanborið við 520 tonn. Hins vegar jókst afli á togtíma úr 46,9 kg 1985 í um 49 kg 1986. Svæðin sunnan Reykjaness komu best út á þessari vertíð, en samdráttur varð í veiðinni norðan Eldeyjar þrátt fyrir óvenju góð aflabréögð framan af.

Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar varð aflinn talsvert minni en árið áður eða um 445 tonn á móti 585 tonnum 1985. Smávegis minnkun varð einnig í afla á togtíma eða úr 57,1 kg 1985 í 56,2 kg 1986. Ástæður þess má rekja til veiðinnar á Selvogsbanka, sem dróst stórlega saman



23. mynd. HUMAR. a. Hlutdeild starðarflokka (árganga) í veiðunum í heild árin 1974–1986, sýnd sem frávik frá meðaltali sl. 15 ára. Góð veiði hin síðari ár miðað við fyrri byggist á vaxandi hlutdeild stærri humars vegna sterkra árganga. b. Heildaraflí árin 1971–1986, vegin meðalveiðidánartala 5–13 ára humars sama tímabil. c. Humaraflí á sóknareiningu (kg/kst) árin 1971–1986 og starð veiðistofns sama tímabil.

Fig. 23. NEPHROPS. a. Size (year) classes in the total catch during 1974–1986, shown as deviations from the mean size distribution of the last 15 years. Higher catch rates in later years are the result of increased proportion of larger *Nephrops* due to strong year classes. b. Total landings 1971–1986 (top line) and weighted F_{5-13} , during 1971–1986. c. CPUE (kg/hour) of *Nephrops* and size of the fishable stock (in thousand tonnes) during the period 1971–1986.

enda humarinn þar víða mjög smár. Virðist ekki loku fyrir það skotið að veiðin á Selvogsbanka hafi verið alltof mikil á árunum 1983-1985. Hins vegar veiddist vel á svæðunum frá Háfadjúpi að Surtsey vegna góðrar nýliðunar og vaxtar á tímabilinu 1984-1986 og humarinn var yfirleitt vænni en á undanförnum árum.

Veruleg aflaaukning varð á suðausturmiðum (Skaftárdjúp-Lónsdjúp), en þar veiddust að þessu sinni um 1.590 tonn á móti 1.280 tonnum 1985. Jafnframt því jökst afli á togtíma úr 60,8 kg 1985 í 68,2 kg 1986. Hafa humarveiðar suðaustanlands ekki gengið jafnvel í two áratugi eða síðan 1966. Í þessu tilliti skiptir batnandi nýliðun sköpum eins og m.a. kom fram í stórauknum veiðum í Meðallandsbug og Skeiðarárdjúpi og vaxandi hlutdeildar smærri humars á flestum svæðum. Í annan stað jökst veiðin á nýlegum miðum djúpt í Skeiðarárdjúpi. Hins vegar minnkaði aflinn verulega í Hornafjarðardjúpi, enda hefur veiðin þar verið mjög mikil allt frá 1982. Aflabréögð eftir svæðum og í heild eru sýnd í töflu 20.17.

15.2. Ástand stofnsins

Síðan 1980 hafa humarveiðar yfirleitt gengið mun betur en um langt árabil áður. Í fyrsta lagi glæddust aflabréögð árin 1980-1982 fyrir tilstuðlan sterkra árganga frá tímabilinu 1970-1973. Pótt þessir eldri árgangar væru ennþá áberandi í aflanum 1983-1984, dróst afli á togtíma saman þar eða nýliðun hjá yngri hluta stofnsins fór minnkandi. Þá var talið að árgangar frá árabilinu 1975-1978 væru yfirleitt undir meðallagi ef mið var tekið af lélegri hlutdeild þeirra í veiðinni árin 1983-1984. Árin 1985-1986 komu þessir árgangar betur fram í veiðunum og eru því nú áætlaðir nokkru stærri en áður. Þess vegna urðu aflabréögð með besta móti á flestum veiðisvæðum 1985-1986 en hlutdeild yngri humars í aflanum að sama skapi meiri. Skyndileg breyting á nýliðun leiðir hugann að því að skilyrði til humarveiða 1985-1986 hafi einhverra hluta vegna verið betri en á árunum 1983-1984, enda fer oft saman við bestu veiðiskilyrði hærra hlutfall af smærri humri með auknum afla á togtíma.

Með tilliti til veiðanna 1986 virðast árgangar yfirleitt ekki skera sig úr hvað styrkleika varðar. Sjö ára humar var þó mjög áberandi og hlutdeild 6, 8 og 9 ára er einnig góð. Allt bendir því til þess að árgangar frá tímabilinu 1977-1980 séu flestir a.m.k. í meðallagi, en veiðin 1987 mun byggjast mikið á þeim. Þá sem sterkustu árgangarnir í eldri hluta stofnsins hafa að mestu runnið sitt skeið í veiðinni er hins vegar ekki að vænta vaxandi hlutdeildar af stórhumri í aflanum 1987.

TAFLA 9

Humar. Áhrif mismunandi hámarksafla á áætlaða stærð humarstofnsins (þús. tonn) 1987-1989. Gert er ráð fyrir meðalnýliðun (meðaltal 1970-1984).
Nephrops. Projection of stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1987-1989 assuming the 1970-1984 average recruitment.

1986			1987			1988			1989		
Stofn 6 ⁺	F ¹⁾	Aflí	Veiðirádgjöf 1987 TAC	Stofn 6 ⁺	F ¹⁾	Aflí	Stofn 6 ⁺	F ¹⁾	Aflí	Stofn 6 ⁺	
Stock 6 ⁺	Catch			Stock 6 ⁺	Catch		Stock 6 ⁺	Catch		Stock 6 ⁺	
18,3	0,17	2.520	Hámarksafli 2.400	18,5	0,16	2.400	18,7	0,15	2.400	18,6	
			— 2.700		0,17	2.700		0,17	2.700		18,1
			— 3.000		0,19	3.000		0,20	3.000		17,6

¹⁾ F = Veiðidánartala 6-13 ára humars.

Fishing mortality of age groups 6-13.

15.3. Horfur og tillögur um hámarksafla 1987

Undanfarin sjö ár eða frá 1980-1986 hefur humarveiðin verið takmörkuð við sem næst kjörsókn í stofninn. Prátt fyrir misgóða nýliðun og breytileg ytri skilyrði til veiða hefur aflinn verið stöðugur á þessu tímabili eða frá um 2.400-2.700 tonn á ári og meðalafli á togtíma mikill þ.e. um 45-60 kg. Í 9 ár af 13 þar á undan eða allt aftur til 1967 var veiðin hins vegar svipuð eða minni með mun meiri sókn þannig að afli á togtíma var lengst af á bilinu 30-40 kg (23. mynd b og c). Það fer því ekki á milli mála, að veiðarnar hin síðari ár eru að flestu leyti mun hagkvæmari en áður, enda er stefnt að því að miða tillögur um hámarksafla áfram við því sem næst kjörsókn í stofninn (tafla 9).

Í síðustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofnanna (Hafrannsóknir 33. hefti) var þess getið að gera mætti ráð fyrir frekari aflaaukningu eftir 1986 ef fram héldi sem horfði þá með nýliðun. Með hliðsjón af upplýsingum um betri nýliðun 1986 eins og greint var frá að framan, leggur Hafrannsóknastofnunin því til að leyfilegur hámarksafli af humri árið 1987 verði 2.700 tonn.

16. Hörpudiskur

16.1. Hörpudisksveiðarnar 1986

Heildaraflí hörpudisks 1986 var svipaður og árið 1985, en þá veiddust 17.100 tonn. Þetta er nokkru meiri afli en Hafrannsóknastofnunin gerði ráð fyrir og á að mestu leyti rætur að rekja til meiri veiða í Breiðafirði

en stofnunin lagði til. Ennfremur jukust veiðar á svæðum, sem eru utan kvóta (24. mynd a).


Markaður fyrir smærri hörpudisk breyttist til betri vegar miðað við árin 1984–1985, og stuðlaði það m.a. að jafnari dreifingu sóknarinnar árið 1986, en undangengin ár.

Þegar á heildina er litið gengu veiðarnar vel nema á Skagafirði og að nokkru leyti í Arnarfirði.

16.1.1. Breiðafjörður

Hörpudisksaflí í Breiðafirði varð svipaður og 1985 eða um 12 þús. tonn, sem er um 20% meiri afli en Hafrannsóknastofnunin lagði til fyrir árið 1986.

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu höfðu viss svæði í sunnanverð-



24. mynd. HÖRPUDISKUR. a. Heildaraflí hörpudisks, ásamt afli í Breiðafirði og á öðrum svæðum árin 1969–1985. b. Afli á veiðistund (þ.e. kg á klst. við veiðar) á helstu veiðisvæðum árin 1972–1985.

Fig. 24. ICELAND SCALLOP. a. Total catch and catch by areas of Iceland scallop during 1969–1985. b. CPUE (kg per one hour fishing time) at the main fishing grounds 1972–1985.

um Breiðafirði látið verulega á sjá vegna of mikillar sóknar árin 1983–1985 og voru aðeins takmarkaðar veiðar leyfðar þar árið 1986. Af þessu leiddi m.a. að sóknin dreifðist í auknum mæli á veiðisvæði norðar í firðinum þar sem afli á sóknareiningu hefur verið hvað bestur. Meðalafli á veiðistund var góður á árinu eða um 960 kg, en hann var 967 kg árið 1985 (24. mynd b).

16.1.2. Vestfirðir

Aflabréögð á Arnarfirði fóru versnandi síðari hluta veiðítímans 1985, enda var veitt verulega umfram það sem Hafrannsóknastofnunin lagði til það ár eða 770 tonn á móti 600 tonnum. Á árinu í heild varð þó meðalafli á veiðistund góður eða 557 kg. Hörpudisksveiðar hófust ekki á þessu svæði fyrr en í lok ágúst árið 1986 og gengu veiðarnar mun verr en á undanförnum árum enda félld meðalafli á veiðistund niður í um 330 kg.

Í Ísafjarðardjúpi voru veidd um 600 tonn af hörpudiski árið 1986, en aflinn 1985 var um 800 tonn. Nokkur samdráttur varð áfram í afla á sóknareiningu eða úr 326 kg á veiðistund 1985 í rúm 300 kg árið 1986, enda fór veiðin verulega fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar öll árin 1983–1985.

16.1.3. Norðurland

Veiðin á Húnaflóasvæðinu 1986 er áætluð svipuð og árið áður en þá voru veidd rúm 2.000 tonn. Aflakvóti var hins vegar 1.800 tonn bæði árin. Helstu ástæður fyrir meiri afla eru veiðar Húnaflóa- og Ísafjarðarbáta á norðanverðum Ströndum, þ.e. á svæðum sem eru utan við kvóta-svæðið í Húnaflóa. Meðalafli á veiðistund varð góður í Húnaflóa eða um 430 kg, en hann var 406 kg árið 1985.

Á Skagafirði gengu veiðar illa árið 1986. Virðist veiðin hafa verið alltof mikil 1985, en þá voru veidd um 550 tonn og meðalafli á veiðistund var 374 kg.

16.1.4. Austfirðir

Á Vopnafirði gengu veiðarnar vel, m.a. vegna nýrra miða sem fundust í rannsóknaleiðangri sumarið 1986. Gert er ráð fyrir að veiðin á árinu 1986 hafi verið heldur meiri en 1985, en þá voru veidd um 520 tonn. Meðalafli á veiðistund hefur ennfremur haldist mikill eða 700–800 kg, sem einkum má rekja til nýrra veiðisvæða.

16.2. Ástand hörpudisksstofna 1986 og horfur 1987

Pað skal enn tekið fram nú, að hörpudiskur er mjög staðbundin tegund, sem auðvelt er að ofveiða á einstökum svæðum. Nýjasta dæmi um þetta er Skagafjörður, en ekki eru lagðar til veiðar þar árið 1987 eða þar til séð verður hver nýliðun verður í stofninum.

Rannsóknir í Breiðafirði á árinu 1986 staðfestu að ástand miða í suðvestanverðum firðinum var ennþá mun lélegra en á öðrum svæðum þar sem stofnstærðin virtist hins vegar í meðallagi. Því er lagt til að veiðar í suðvestanverðum firðinum verði takmarkaðar áfram á sama hátt og 1986 og að leyfilegur hámarksafli verði 11 þús. tonn árið 1987. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir aukinni sókn á miðum sem m.a. fundust í rannsóknaleiðangri 1986 og á öðrum svæðum sem vannýtt hafa verið til þessa, einkum vegna mikils fjölda smáskelja og lélegrar fisknýtingar.

Í Arnarfirði hefur hörpudisksstofninn látið verulega á sjá að undanföru, enda þótt árgangar af uppvaxandi skel virðist þokkalegir. Er því lagt til að dregið verði úr veiðum á þessu svæði og yngri árgangar þannig nýttir sem best til að byggja upp stofninn í fyrra horf. Hljóða tillögur upp á aðeins 400 tonna veiði í Arnarfirði 1987.

Í Ísafjarðardjúpi voru niðurstöður stofnmælingar á hörpudiski 1986 svipaðar og áður og er því lagt til að leyfilegur hámarksafli 1987 verði þar óbreyttur eða 500 tonn.

Par sem veiðar hafa gengið þokkalega á Húnaflóa og Vopnafirði er lagt til að kvótar verði áfram óbreyttir á þessum svæðum 1987, eða 1.800 og 500 tonn.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla á hörpudiski á hinum ýmsu veiðisvæðum árið 1987 eru í töflu 10.

TAFLA 10

Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafla 1987.
Iceland Scallop. Recommended TAC in 1987.

Breiðafjörður	11.000	tonn
Patreks- og Tálknafjörður	200	—
Arnarfjörður	400	—
Dýrafjörður	150	—
Ísafjarðardjúp	500	—
Húnaflói	1.800	—
Vopnafjörður og Bakkaflói	500	—
<hr/>		
Alls	14.550	tonn

17. Rækja

17.1. Veiðarnar 1986

Heildaraflinn er áætlaður um 35 þús. tonn árið 1986, en var tæp 25 þús. tonn árið áður (25. mynd).

Rækjuafli á grunnslöð dróst saman árið 1986 um 25% eða sem nemur 2.000 þús. tonnum. Því veldur að rækjuafli á Húnaflóa minnkaði mikið haustið 1986 og ördeyða var á Tálknafirði, Skagafirði, Öxarfirði og Berufirði. Talið er að mikil gengd smáþorsks eins árs og eldri árin 1985 og 1986 eigi sinn þátt í minnkandi rækjuafla á grunnslöð.

Árið 1985 varð rækjuafli á úthafinu rösk 17 þús. tonn en er áætlaður 30 þús. tonn árið 1986. Pað, sem sérstaklega einkenndi veiðarnar 1986, var veruleg stækkun veiðisvæða á norðausturmiðum, og má að tveimur þriðju hlutum rekja aflaukninguna til þess. Sóknin hefur sömuleiðis aldrei verið meiri, enda verð hátt, og fengu 230 skip veiðileyfi árið 1986 á móti 155 árið áður.

17.2. Ástand rækju á grunnslöð 1986 og tillögur um hámarksafla 1987


Á Eldeyjarmiðum byggðust veiðarnar 1986 mest á tveggja og þriggja ára rækju. Segja má, að horfur séu góðar árið 1987, þótt afli á togtíma hafi fallið lítilsháttar miðað við 1984 og 1985 (26. mynd). Hámarksafrafurstur virðist því ekki hafa aukist frá því sem var árin 1984–1986. Lagt er því til að hámarksafli á þessu svæði verði 1.500 tonn árið 1987 (tafla 11).

Aflí á togtíma jókst í Breiðafirði 1986 miðað við árið áður, en reynðar er álítið að sami vaxtarstofn veiðist á Breiðafirði og í Kolluál (Hafrannsóknir 33. hefti, 1986). Heldur meira var af þriggja ára rækju 1986 en 1985 en hún fer einkum inn á Breiðafjörð úr Kolluál að talið er. Mánudírnir apríl-júní eru hentugasti tíminn til rækjuveiða á Breiðafirði og er mælt með því að veiða aðeins á þeim tíma. Ekki er lagður til kvóti fyrir svæðið.

Tálknafjarðarsvæðið var síðast kannað í mars 1986. Þar fékkst sáralítill rækja en talsvert af smáýsu. Engar rækjuveiðar hafa verið stundaðar þar síðan.

Kvóti í Arnarfirði var lækkaður úr 400 tonnum veturinn 1984–1985 í 300 tonn 1985–1986. Árgangurinn frá 1984 var enn mjög áberandi haustið 1986 og hefur stofninn vaxið mjög með tilkomu þessa sterka árgangs.

Þús. tonn



25. mynd. Heildarrækjuafli 1964–86 (óslitna línan). Slitna línan merkir afla á djúpslóð.

Fig. 25. Total landings of *Pandalus* at Iceland (solid line) by years. The broken line represents landings from offshore areas.

TAFLA 11

Rækja. Tillögur um hámarksafla (tonn).

Pink shrimp. Recommended TAC (tonnes).


Svæði Area	Veturinn 1986/'87 Winter 1986/'87	Árið 1987 Year 1987
Arnarfjörður	400	
Ísafjarðardjúp	1.000	
Húnaflói	500	
Við Eldey		1.500
Djúpslóð (án Dohrnbanka)		Jafnt ársafla 1986
Offshore (except Dohrnbank)		Equal to the 1986 landings

Hann mun væntanlega valda áframhaldandi vexti stofnsins. Lagt er til að hámarksafli verði 400 tonn veturinn 1986–1987.

Í Ísafjarðardjúpi var kvótinn fyrir vertíðina 1985–1986 í fyrstu 2.200 tonn. Haustið 1985 kom hins vegar í ljós, að mikill samdráttur hafði orðið í stærð stofnsins í Djúpinu og var þá kvóti minnkaður í 1.500 tonn fyrir þá vertíð. Er leið á veturinn fékkst æ minna af rækju og varð aflinn á vertíðinni aðeins 1.330 tonn. Könnun haustið 1986 benti til mínni stofns en haustið áður, en aflí á togtíma hefur verið fallandi (26. mynd). Eins árs rækja er mjög áberandi. Vegna minnkandi rækjustofns er lagt til að hámarksafli vertíðina 1986–1987 verði takmarkaður við 1.000 tonn.

Á Húnaflóá gengu veiðar mjög vel veturna 1984–1986. Aflí var um 3.000 tonn veturinn 1984–1985 og 2.800 tonn veturinn 1985–1986. Aflí á sóknareiningu reyndist mjög mikill (26. mynd). Haustið 1985 gekk mikil í af eins og tveggja ára þorski í innanverðan Húnaflóá, Reykjarfjörð og Steinþímsfjörð. Sumarið og haustið 1986 voru sömu þorskárgangar á svæðinu og árið áður. Könnun í október 1986 leiddi í ljós, að rækjustofninn hafði minnkað verulega frá árinu 1985 og aldursdreifing hafði gjörbreyst. Í stað fjögurra og fimm ára rækju áður var nú einkum tveggja ára og jafnvel eins árs rækja áberandi. Aflí á togtíma hefur fallið mikil, enda stórrækjan horfin og aðeins smárækja eftir. Vegna þessara snöggum umskipta til hins verra er lagt til að hámarksafli rækju fyrir allan Húnaflóann verði aðeins 500 tonn veturinn 1986–1987.

Í könnunum haustið 1985 fékkst engin rækja á Skagafirði og í Öxarfirði var miklu minna af rækju en um vorið samfara göngum þorsks mjög innarlega í fjörðinn. Á Berufjörð fór einn bátur nokkrar veiðiferðir á árinu 1985. Ávallt fékkst rækja til septemberloka, en síðan ekkert. Vertíðina 1985–1986 voru engar rækjuveiðar stundaðar í Skagafirði og þrátt



26. mynd. Rækjuafli á sóknareiningu á grunnslóð árin 1971–1986.


Fig. 26. Inshore cpue of *Pandalus* 1969–1986.

fyrir 50 tonna kvóta í Öxarfirði var ekkert veitt. Skagafjörður, Öxarfjörður og Berufjörður hafa verið kannaðir nokkrum sinnum árið 1986 og voru niðurstöður allar á sama veg, þ.e. að aldrei fannst veiðanleg rækja, en allnokkuð um smáþorsk. Í samræmi við niðurstöður þessara kannana eru ekki gerðar tillögur um rækjuveiðar á þessum svæðum að sinni.

17.3. Ástand úthafsrækju 1986 og tillögur um hámarksafla 1987


Komið hefur í ljós, að í úthafinu norðan- og norðaustanlands eru mismunandi stofnar rækju. Kemur það m.a. fram í því, að kynskipti verða við mismunandi stærð dýra eftir svæðum, er bendir til lítils sam-

gangs rækju milli fjarliggjandi miða. Rækja norður af Vestfjörðum (Norðurkanti) er t.d. mun stærri, er hún nær kynþroska sem kvendýr, en við Grímsey og Norðausturland. Af því leiðir m.a. að rækja er almennt stærri vestan Grímseyjar en austan (27. mynd) þar eð sóknaraukning 1986 var mest norðaustanlands, og óx því smáráekja hlutfallslega í afla.



27. mynd. Rækjan er fyrst karlkyns en skiptir síðar á ævinni yfir í kvenkyn. Myndin sýnir hlutfall kynþroska kvendýra í hverjum lengdarflokk fyrir mismunandi rækjustofna. Almennt er reglan sú, að því fjær sem dregur frá landinu í norður, þeim mun stærri er rækjan orðin áður en hún verður kynþroska sem kvendýr. Á Norðurkanti er rækjan orðin að meðaltali 23.4 mm að lengd þegar 50% hennar nær kynþroska. Í innanverðum Húnaflóa er 50% rækju orðin kynþroska við aðeins 19 mm lengd og í Arnarfirði við 17.3 mm lengd.

Fig. 27. Maturity ogives of female pink shrimp for different areas in 1986. The main rule is that the farther north the bigger the 50% maturity length. For Norðurkantur the 50% maturity is reached by 23.4 mm length, for Húnaflói by 19 mm length and for Arnarfjörður by 17.3 mm length.



28. mynd. Rækjuafli á sóknareiningu á helstu djúpmiðum árin 1974–1986.

Fig 28. Offshore cpue of *Pandalus* by areas 1974–1986.

Svæðin frá Norðurkanti að Grímsey eiga sér um 10 ára sögu í úthafs-rækjuveiðunum, enda þótt veiðin hafi verið fremur lítil fram til 1983 er hún fór í rúm 6 þús. tonn. Árin 1984–1985 veiddust rösk 12 þús. tonn á þessum svæðum og um 17 þús. tonn á árinu 1986.

Aflí á sóknareiningu, sem talinn er ein vísbending um ástand dýrastofna í sjó, var um og yfir 150 kg á norðurmiðum þegar veiðar hófust en fíll síðan mjög örт (27. mynd). Frá 1983 hefur aflí á sóknareiningu verið fremur stöðugur, þrátt fyrir stóraukna veiði, sem m.a. má rekja til stækkunar veiðisvæða. Pannig var aflí á sóknareiningu á svæðinu Norðurkantur — Grímsey um 87 kg 1986, eða um 6% minni en árið áður, en hins vegar næsta líkur því sem hann var 1983–1984 (28. mynd).

Rækjuveiðar norðaustanlands á svæðum frá Sléttugrunni að Héraðsdjúpi hófust í litlum mæli 1984, er veidd voru þar um 500 tonn. Árið 1985 veiddust tæp 1.900 tonn og kom nær allur aflinn af Héraðsdjúps-svæðinu. Gífurleg aukning varð síðan á veiðum á þessu svæði 1986 eða upp í nær 10 þús. tonn, bæði vegna aukins afla í Héraðsdjúpi en þó sérstaklega á nýum veiðisvæðum út af Sléttu og Langanesi. Um $\frac{2}{3}$ hlutar aukins rækjuafla á djúplóð árið 1986 er þessum nýju miðum að þakka.

Aflí á sóknareiningu var hár á nýju svæðunum 1986 eða 133–178 kg, sem er nær tvöfalt miðað við svæðin vestan Sléttugrunns. Hins vegar dróst hann verulega saman frá 1985–1986 á Héraðsdjúpi, eða úr 116 kg í 90 kg og er orðinn svipaður og á vestursvæðunum.

Pessi mikli munur á afla á sóknareiningu gamalla og nýrra svæða, gefur tilefni til að ætla, að hefðbundin veiðisvæði norðanlands séu fullnýtt, svo og Kolluáll og jafnvel Héraðsdjúp. Reynslan af óheftri veiði á hefðbundnum svæðum, gefur einnig sterkelega til kynna, að aflí á sóknareiningu muni fljótlega falla á hinum nýju veiðisvæðum.

Í útreikningum á afla á sóknareiningu hefur aðeins verið tekið tillit til stærðar veiðarfæra, en ekki hefur verið unnt að meta aðrar breytingar á veiðarfærum og veiðihæfni. Slíkar betrumbætur hafa að líkendum orðið til þess að halda uppi óbreyttum afla á sóknareiningu á hefðbundnum miðum. Af þessu leiðir, að ástand rækjustofnanna kann að sýnast betra en það er í raun og veru.

Með tilliti til framangreinds er lagt til, að heildarafli úthafsrækju fari ekki fram úr ársaflanum 1986. Er hér átt við öll úthafsveiðisvæði að Dohrnbanka undanskildum.

18. Hvalir

18.1. Hvalveiðar 1986


Árið 1986 urðu þáttaskil í hvalveiðum hér við land, þegar ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um allsherjarstöðvun hvalveiða í atvinnuskyni 1986–1990 gekk í gildi. Jafnframt ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni árin 1986–1989 í samræmi við fyrirliggjandi áætlun Hafrannsóknastofnunar um hvalrannsóknir og heimildarákvæði þar að lútandi í stofnsáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sem kunnugt er miðast rannsóknirnar við að efla þekkingu á ástandi og veiðipoli hvalastofna við Ísland og á þætti stór- og smáhvæla í lífkerfi hafsvæðisins hér við land.

Í samræmi við rannsóknaráætlunina og samstarfssamning er liggur fyrir við Hval hf. voru leyfðar tilraunaveiðar á 80 langreyðum og 40 sandreyðum um sumarið 1986. Veiðar stöðvarinnar í Hvalfirði hófust 15. júní og voru aðeins 2 skip (Hvalur 8 og 9) að veiðum. Að beiðni stjórnvalda var gert hlé á veiðunum dagana 28. júlí til 17. ágúst, en verтиð lauk 28. september. Alls veiddust 76 langreyðar og 40 sandreyðar.

Áætlun stofnunarinnar um hvalrannsóknir gerir einnig ráð fyrir auknum hrefnurannsóknum. Ekki reyndist þó unnt að efna til tilrauna-veiða á hrfnu sumarið 1986, þar eð ekki hafði verið gengið frá samningum um framkvæmd veiðanna, sem tryggðu að tilætluðum árangri yrði náð. Auk þess var ekki fyrirliggjandi nýr útbúnaður til veiðanna (þ.e. sprengiskutull), sem stjórnvöld telja að nota beri við áframhald hvers kyns hvalveiða.

18.2. Úttekt og veiðimark

Samband afla og sóknar í langreyðarveiðinni hefur verið kannað með athugunum á leiðarbókum hvalbátanna. Pannig hefur verið unnt að áætla fyrir hvert ár meðalfjölda leitarklukkustunda á hvern veiddan hval (þ.e. afla á sóknareiningu), sem ætla má að gefi hugmynd um fjöldu hvala á miðunum hverju sinni og um hugsanlegar langtímaþreytingar á stofnstærð. Á 29. mynd er sýndur fjöldi leitarklukkustunda við veiðar á fyrstu langreyði í veiðiferð 10. júní – 20. júlí árin 1962–1986. Á þessu tímabili hefur verið nær óbreyttur floti að veiðum (4 skip öll árin nema 1984–1985 3 skip og 1986 2 skip). Þegar á heildina er litið hefur líttilla breytinga orðið vart eða um 0.8% minnkun á ári, sem er tölfraðilega ekki marktæk breyting.



29 mynd. Afli á sóknareiningu (fjöldi hvala á leitarklukkustund miðað við fyrstu veiddu langreyði í veiðiferð) í langreiðarveiðinni vestur af Íslandi árin 1962–1986. Niðurstöður byggja á athugunum leiðarbóka allra hvalskipa Hvals h.f. tímabilið 10 júní til 20. júlí ár hvert ásamt útfylltum sóknareyðublöðum frá árinu 1979.


Fig. 29. Catch/effort relationship (no. of first fin whale caught per trip per hour searching) in the fin whale fishery west of Iceland during 1962–86. The results are based on log-book extracts data for the entire fleet during 10 June to 20 July each year and specially designed time budgeted forms in use since 1979.

Síðasta úttekt á ástandi langreyðarstofnsins, sem gerð var af vísindaneftnd Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1984 byggðist fyrst og fremst á mælingum á sambandi afla og sóknar allt frá árinu 1962. Við mat á árlegu veiðipoli voru tvær aðferðir við útreikninga notaðar. Niðurstöður voru á bilinu 143–180 dýr og ákvarðaðist veiðimark (161 dýr) með tilliti til þeirra.

Engar hvalmerkingar fóru fram á árinu 1986, en af 241 langreyði sem merkt var árin 1979–1984 (178 við strendur Íslands og 63 á vestanverðu Grænlandssundi og með ströndum Austur Grænlands) var tilkynnt um 2 endurheimtur á árinu 1986. Þó svo að merkingar sl. 20 ára sýni, að nokkur samgangur sé á milli langreyða við Ísland og Austur Grænland, þá er ekki um að ræða algera blöndun hvala á milli þessara svæða. Samkvæmt athugun á endurheimtum hvalmerkjum, er áætlað að heildarstofnstærð langreyðar, sem veiðarnar hér byggja á hafi verið um 7000 hvalir í kringum árið 1970, en upp að landinu komi að jafnaði á þriðja þúsund hvalir.

Nokkuð var fjallað um hrefnustofninn á svæðinu Austur Grænland/Ísland/Jan Mayen á fundi vísindaneftndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í júní 1986. Umræður snérust einkum um fyrirliggjandi gögn um veiðar Norðmanna úr þessum stofni allt frá því um 1960 (sjá Hafrannsóknir 33. hefti). Ekkert aflamark var ákveðið fyrir árið 1987, en ljóst er þó að veiðarnar, þ.m.t. fyrirhugaðar veiðar okkar Íslendinga (80 dýr) verða innan við þriðjungur þess, sem veitt hefur verið á undanförnum árum. Bráðabirgðaniðurstöður úr flugtalningu á vegum stofnunarinnar í júní

og júlí 1986 benda til verulegrar hrefnugengdar á grunnslóð allt í kringum landið. Frekari úrvinnslu er þó þörf svo unnt verði að nota þessi gögn til stofnstaðarútreikninga. Á árinu 1987 eru fyrirhugaðar víðtækjar talningar stór- og smáhvala við Ísland og á aðliggjandi hafsvæðum í samvinnu við aðrar þjóðir við Norður Atlantshaf.



Við úthafsrækjuveiðar. (Ljósm. Guðmundur Bjarnason).



Möskvastærðartilraunir um borð í Smáey VE árið 1985. (Ljósm. Gísli Ólafsson).

19. Töflur

TAFLA 19.1

Porskur. Fjöldi þorska í þúsundum landaðra í aldursflokkum árabilo 1972–1986.
Cod. Numbers of cod (1000) landed per age group during 1972–1986.

Aldur Age	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	8.973	36.538	14.846	29.301	23.578	2.614	5.999	7.186
4	29.574	25.542	61.826	29.489	39.790	42.659	16.287	28.427
5	30.918	27.391	21.824	44.138	21.092	32.465	43.931	13.772
6	22.855	17.045	14.413	12.088	24.395	12.162	17.626	34.443
7	11.097	12.721	8.974	9.628	5.803	13.017	8.729	14.130
8	9.784	3.685	6.216	3.691	5.343	2.809	4.119	4.426
9	10.538	4.718	1.647	2.051	1.297	1.773	978	1.432
10+	5.331	7.233	4.719	2.165	1.087	539	577	589

Aldur Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ¹⁾
3	4.348	2.118	3.285	3.554	6.750	6.457	10.877
4	28.530	13.297	20.812	10.910	31.553	24.552	20.391
5	32.500	39.195	24.462	24.305	19.420	35.392	28.651
6	15.119	23.247	28.351	18.944	15.326	18.267	30.994
7	27.090	12.710	14.012	17.382	8.082	8.711	11.110
8	7.847	26.455	7.666	8.381	7.336	4.201	3.891
9	2.228	4.804	11.517	2.054	2.680	2.264	1.324
10+	1.020	2.608	2.387	3.563	1.371	1.653	1.364

¹⁾ Bráðabirgðatölur.
Provisional figures.

TAFLA 19.2

Meðalþyngd þorsks eftir aldri árabilo 1972–1986 (kg).
Cod. Mean weight at age during 1972–1986 (kg).

Aldur Age	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	0.96	1.03	1.05	1.10	1.35	1.26	1.29	1.41
4	1.46	1.42	1.71	1.77	1.78	1.91	1.83	1.96
5	2.22	2.47	2.43	2.78	2.65	2.86	2.93	2.64
6	3.23	3.60	3.82	3.76	4.10	4.07	3.96	4.00
7	4.30	4.90	5.24	5.45	5.07	5.78	5.73	5.55
8	5.51	6.11	6.66	6.69	6.73	6.64	6.81	6.75
9	5.99	6.67	7.15	7.57	8.25	7.69	9.04	8.30
10	6.20	6.75	7.76	8.58	9.61	7.73	10.90	9.31

Aldur Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ¹⁾
3	1.39	1.18	1.01	1.10	1.29	1.41	1.41
4	1.86	1.65	1.56	1.60	1.73	1.97	1.97
5	2.73	2.26	2.25	2.28	2.60	2.58	2.58
6	3.77	3.29	3.10	3.02	3.58	3.65	3.65
7	5.26	4.48	4.26	4.10	4.37	4.98	4.98
8	6.98	5.82	5.39	5.48	5.80	6.37	6.37
9	8.04	7.74	6.68	7.05	7.46	8.21	8.21
10	10.73	9.42	9.14	8.13	9.95	10.32	10.32

¹⁾ Bráðabirgðatölur.
Provisional figures.

TAFLA 19.3

Hlutfall kynþroska (%) þorsks eftir aldrí 1972–1986 (kg).
Percentage of mature cod by age group 1972–1986 (kg).

Aldur Age	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
4	10	7	11	9	11	4	8	5
5	33	26	27	30	37	19	21	20
6	53	51	61	51	56	55	47	49
7	83	78	80	83	67	84	86	74
8	92	94	93	95	93	96	96	90
9	98	98	97	99	99	99	98	98
10	98	99	99	100	100	100	100	93
11	100	100	100	100	100	100	100	100

Aldur Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ¹⁾
4	5	2	6	4	6	11	11
5	17	9	17	16	21	23	23
6	46	26	26	33	41	55	55
7	74	57	53	51	62	79	79
8	85	81	81	71	75	92	92
9	97	91	93	86	85	95	95
10	98	95	95	98	94	100	100
11	100	100	100	100	100	100	100

¹⁾ Bráðabirgðatölur.
Provisional figures.

TAFLA 19.4

Ýsa. Fjöldi ýsu í þúsundum landaðra í aldursflokkum árabilið 1972–1986.
Haddock. Numbers of haddock (1000) landed per age group 1972–1986.

Aldur Age	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
2	2.301	2.463	1.078	581	1.004	61	108	161
3	4.431	9.634	3.565	6.732	7.808	1.515	579	2.066
4	9.386	4.922	11.641	8.395	8.689	8.655	2.132	4.074
5	4.527	4.512	4.625	7.528	5.481	6.472	7.188	6.559
6	2.321	2.599	2.180	1.614	3.131	2.632	4.481	9.769
7	381	1.614	736	764	493	1.342	1.821	1.887
8	207	470	421	156	149	247	627	474
9	41	290	84	91	55	122	94	61

Aldur Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ¹⁾
2	61	6	27	12	65	97	20
3	1.415	567	219	783	1.170	984	1.600
4	9.729	5.601	2.586	1.043	4.751	4.154	3.480
5	4.365	16.902	10.673	5.031	1.311	5.575	5.850
6	3.902	5.267	14.322	8.204	4.550	834	6.650
7	4.248	2.666	2.288	9.476	4.180	2.540	660
8	558	1.638	1.178	938	4.216	2.231	1.490
9	128	241	947	318	227	2.950	2.200

¹⁾ Bráðabirgðatölur.
Provisional figures.

TAFLA 19.5

Meðalþyngd ýsu eftir aldri 1979–1986 (kg).
Mean weight at age of haddock during 1979–1986 (kg).

Aldur Age	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ¹⁾
2	0.62	0.57	0.58	0.64	0.65	0.67	0.67	0.66
3	0.96	0.92	0.82	0.95	1.01	1.02	0.99	0.99
4	1.41	1.32	1.18	1.34	1.47	1.38	1.63	1.46
5	2.03	2.06	1.71	1.67	1.87	1.98	2.03	1.89
6	2.91	2.69	2.35	2.27	2.36	2.36	2.64	2.41
7	3.80	3.21	3.10	3.00	2.79	3.04	3.15	2.99
8	4.56	3.75	3.37	3.45	3.62	3.29	3.67	3.50
9	4.72	4.67	4.05	4.00	3.79	3.94	3.83	3.81

¹⁾ Bráðabirgðatölur.
Provisional figures.

TAFLA 19.6

Ufsi. Fjöldi ufsa í þúsundum landaðra í aldursflokkum árabilid 1972–1985.
Saithe. Numbers of saithe (1000) landed per age group 1972–1985.

Aldur Age	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
3	565	219	1.269	526	329	59	548
4	3.786	1.768	3.404	2.997	3.234	2.099	1.145
5	6.524	5.155	2.348	2.479	3.045	2.858	2.435
6	8.646	7.077	3.164	1.829	2.530	1.801	1.556
7	4.178	7.372	3.452	3.496	2.154	1.036	1.275
8	3.320	2.616	3.384	2.994	2.367	1.068	961
9	2.098	1.635	1.303	1.434	1.530	1.528	537
10+	2.257	1.616	1.372	1.347	1.712	1.745	1.557

Aldur Age	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
3	480	133	257	486	40	135	188
4	3.764	2.281	1.550	1.221	1.469	492	2.932
5	1.991	4.587	4.310	2.561	1.344	826	3.401
6	3.616	2.526	5.464	4.817	2.411	1.537	1.746
7	1.566	2.396	1.504	4.361	4.366	2.456	1.547
8	718	1.596	1.470	1.375	2.407	3.367	1.269
9	292	478	589	1.119	460	982	1.388
10+	1.969	563	700	540	488	1.260	1.108

TAFLA 19.7

Meðalþyngd ufsa eftir aldri 1980–1985 (kg).
Mean weight at age of saithe during the years 1980–1985 (kg).

Aldur Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985
3	1.45	1.48	1.54	1.87	1.54	1.55
4	1.89	2.00	2.15	2.23	2.37	2.09
5	2.68	2.57	2.95	3.15	3.32	2.86
6	3.87	3.46	3.04	4.20	4.45	3.67
7	5.32	4.43	5.01	4.12	5.46	4.63
8	6.14	6.16	6.03	5.93	5.19	6.08
9	6.84	6.82	7.25	7.51	7.53	5.51
10	8.23	8.05	8.07	8.82	8.58	8.30

TAFLA 19.8

Hlutfall kynþroska (%) ufsa eftir aldri 1981–1985.
Percentage of mature saithe by age group 1981–1985.

Aldur Age	1981	1982	1983	1984	1985
3	0	0	3	8	2
4	6	9	27	15	25
5	27	36	60	52	35
6	63	56	55	83	58
7	81	98	85	95	76
8	97	98	98	65	90
9	100	100	98	100	76
10	100	100	97	100	97
11	100	100	100	100	100

TAFLA 19.9

Karfi. Fjöldi karfa (í þús.) landaðra af svæðinu A. Grænland-Ísland-Fareyjar árin 1974–1985.
Redfish. Numbers of S. marinus (1000) landed per age group from the E. Greenland-Iceland-Faroe grounds during 1974–1985.

Aldur Age	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
9	48	273	2.023	50	89	64	297	1.230	57	1.107	51	61
10	68	374	2.715	71	170	311	837	1.568	510	1.200	835	806
11	533	878	6.229	556	1.039	1.049	1.723	2.284	2.136	2.449	3.344	2.209
12	3.292	3.009	19.819	3.539	5.957	2.607	7.306	9.562	8.299	7.088	8.841	6.278
13	4.987	3.320	19.604	5.398	5.667	2.839	9.238	8.422	9.968	11.251	9.505	4.892
14	7.437	4.282	15.778	7.820	8.623	6.192	14.032	10.313	14.054	11.603	12.346	6.524
15	5.261	3.620	8.889	5.327	6.451	6.260	18.617	15.916	17.880	14.267	10.538	8.346
16	6.152	5.536	9.193	5.898	5.702	10.174	13.521	10.299	14.531	13.033	12.378	8.654
17	2.518	2.704	3.780	2.392	2.188	9.134	4.620	11.042	11.159	11.782	11.806	10.527
18	5.159	6.545	8.440	5.108	3.173	10.300	9.586	9.019	15.254	15.532	11.362	9.874
19	3.322	4.744	5.596	3.512	2.959	5.635	5.563	7.807	10.336	12.076	9.055	9.241
20	1.026	1.570	1.844	1.213	3.186	4.777	2.123	5.145	13.947	9.553	8.701	7.956
21	3.096	4.799	5.552	3.753	3.401	5.672	5.516	9.010	9.751	5.709	6.312	5.925
22	1.956	2.973	3.389	2.484	1.511	3.216	2.297	4.113	5.090	3.235	3.337	3.822
23	2.537	3.724	4.348	3.323	1.746	3.912	1.943	2.825	4.796	4.016	3.696	2.329
24	2.549	3.763	3.817	2.832	1.474	2.368	2.395	3.762	2.751	2.143	2.350	2.504
25	1.229	1.740	1.751	1.170	827	2.212	1.430	1.929	992	1.394	868	1.227
26	845	1.160	1.283	798	611	2.125	750	1.079	449	541	277	286
27+	843	1.290	1.262	816	670	2.734	811	702	305	397	25	160

TAFLA 19.10

Gráluða. Landaður fjöldi í þúsundum eftir aldursflokkum árin 1976–1985.
Numbers of Greenland halibut (1000) landed per age group 1976–1985.

Aldur Age	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982
6	296	34	91	197	502	158	300
7	584	671	347	1.605	1.536	580	1.140
8	621	1.727	1.037	2.253	2.630	1.160	2.451
9	431	2.289	1.214	3.090	3.126	1.430	2.646
10	240	834	848	1.693	2.324	1.764	2.456
11	121	420	567	880	1.739	1.299	1.803
12	86	423	312	394	849	664	963
13	37	174	232	246	578	435	609
14	32	120	218	189	306	252	331
15+	23	170	318	274	262	337	327

Aldur Age	1983	1984	1985
6	240	275	451
7	1.611	886	1.038
8	2.651	2.126	2.349
9	3.060	3.547	3.533
10	2.443	2.783	2.817
11	1.693	1.814	1.489
12	978	1.127	640
13	424	584	434
14	174	361	141
15+	72	111	84

TAFLA 19.11

Gráluða. Meðalþyngd eftir aldri árin 1976–1985 (kg).
Mean weight at age of Greenland halibut during 1976–1985 (kg).

Aldur Age	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
6	1.59	1.05	1.20	0.94	1.28	1.26	1.37	1.34	1.28	1.23
7	1.77	1.43	1.42	1.28	1.49	1.44	1.62	1.58	1.59	1.63
8	2.18	1.79	1.85	1.68	1.76	1.66	1.91	1.85	1.82	1.95
9	2.57	2.23	2.26	2.07	2.05	1.97	2.19	2.16	2.24	2.37
10	3.02	2.69	2.61	2.33	2.28	2.26	2.52	2.43	2.46	2.64
11	3.73	3.02	3.08	2.72	2.50	2.52	2.76	2.60	2.84	2.83
12	4.05	3.91	3.59	3.30	3.06	2.95	3.13	3.03	3.26	3.35
13	4.82	4.04	4.60	3.99	3.78	3.45	3.79	3.78	3.96	4.01
14	5.35	4.71	4.70	4.67	4.51	4.03	4.48	4.45	4.94	4.79
15+	5.75	5.40	5.15	4.79	5.14	4.65	4.99	4.75	5.23	5.23

TAFLA 19.12

Gráhlúða. Hlutfall kynþroska árin 1979–1985.
Maturity ogives for Greenland halibut in the years 1979–1985.

Aldur Age	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
5	0.00	0.04	0.00	0.00	0.03	0.00	0.00
6	0.03	0.26	0.25	0.05	0.09	0.08	0.06
7	0.10	0.40	0.32	0.20	0.17	0.19	0.31
8	0.35	0.45	0.53	0.33	0.29	0.32	0.27
9	0.77	0.62	0.58	0.50	0.38	0.42	0.29
10	0.96	0.88	0.75	0.70	0.62	0.64	0.56
11	1.00	0.99	0.85	0.85	0.89	0.75	0.72
12	1.00	0.99	0.95	0.94	1.00	0.93	0.86
13	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00	1.00

TAFLA 19.13

Síld. Fjöldi sílda í þúsundum sem landað var árin 1972–1985.
Herring. Numbers landed at age during 1972–1985 (in thousands).

Aldur Age	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
2	147	1	1	1.518	614	705	2.634
3	322	159	3.760	2.049	9.848	18.853	22.551
4	131	678	832	31.975	3.908	24.152	50.995
5	163	104	993	6.493	34.144	10.404	13.846
6	264	17	92	7.905	7.009	46.357	8.738
7	47	13	46	863	5.481	6.735	39.492
